



„Við þurfum þennan sýnileika og að halda þessa hátíð,“ segir Sigurður H. Starr Guðjónsson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga, sem hófust í Reykjavík í gær með fjölda viðburða. Meðal annars var Ingólfsstræti málað í regnbogalitum. Þótt engin Gleðiganga verði að þessu sinni ýjar Sigurður að forvitnilegum leynviðburði í viðtali við Fréttablaðið á síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hundrað milljóna króna tekjumúrinn rofinn í Vaðlaheiðargöngunum í júlí

Júlí var tekjuhæsti mánuðurinn í sögu Vaðlaheiðarganga en um 4.100 bílar fóru þá um Vaðlaheiði og Víkurskarð á degi hverjum. Fjórðungur velur að fara Víkurskarð.

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Tekjur Vaðlaheiðarganga fóru í fyrsta sinn yfir 100 milljónir króna í nýliðnum júlímánuði. Umferð var þá að meðaltali 4.100 ferðir á sólarhring á milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsveitar. Þar af fóru um 74 prósent í gegnum göngin.

Erlendir ferðamenn nota iðulega leiðsöguforrit sem leggur til að skarðið sé ekið fremur en göngin. Þau koma ekki alltaf upp í ferðaleiðsöguforritum eða ferða-

handbókum sem margir erlendir ferðamenn aka eftir. „Í júlí var ellefu prósentum meiri umferð um göngin en í sama mánuði árið 2019 þegar það var ekkert Covid,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga.

Valgeir segir að júlí hafi verið frábær, ekki aðeins veðurfarslega heldur einnig tekjulega. „Allt hefur gengið snurðulaust fyrir sig. Enginn bílaður bíll eða neitt slíkt í miðjum göngum. Það voru reyndar kantljós að bíla rétt ádan en það verður gert við þau fljótlega.

Umferðin gekk fint allan mánuðinn og við erum í raun mjög sáttir enda höfum við aldrei náð mánadartekjum yfir 100 milljónum,“ segir Valgeir.

Hann segir að út frá umferð séu göngin í góðum gir. Umferðar-

18%

Átján prósentu aukning varð á umferð um Vaðlaheiðargöng milli ára í júlí.

toppnum var náð nú á 29. viku ársins, sem er viku fyrr en venjulega. „Þá færði sólin sig aðeins suður þó hún sé komin aftur núna norður. Það var nóg til að fólk tók upp tjaldhælana og færði sig. Allur júlímánuður var stigandi fyrir utan síðustu viku þegar umferðin var rólegri.“

Valgeir bendir á að það sé alltaf

hægt að rökkræða um hvort sé ódýrara að fara Víkurskarðið eða göngin en göngin stýtti þjóðveg 1 um 16 kílómetra.

Hann segir að reynslan af göngunum sé góð. Heimamenn sem nota göngin mest eru nánast hættir að hringja í þjónustuverið til að fá leiðbeiningar en nokkuð sé um að fólk með áskrift að göngunum gleymi að skrá bifreiðar sínar úr henni þegar þær skipta um eigendur. Símtöl og tölvupóstur berist helst frá þeim sem eru að nota göngin í fyrsta sinn.

„Þetta eru fyrst og fremst einskíptis notendur og einn og einn reidur höfuðborgarbúi sem finnst ósanngjarnt að borga í þessi göng, en öll önnur göng á Íslandi eru gjaldfrjáls, sem hringja í þjónustuverið sem við leysum yfirleitt með bros á vör,“ segir Valgeir. ■

Dragsenan eins og ein stór fjölskylda

LÍFÍÐ Dragdrottningin Lola von Heart stjórnar dragsýningu sem fram fer á bókakaffihúsi Máls og menningar á Laugavegi í kvöld.

Manneskjan að baki Lolu er grafíski hönnuðurinn Oddný Svava Steinarsdóttir, en hún hefur verið hugfangin af dragsenunni á Íslandi frá árinu 2017. Hún vann lokaverkefni sitt við Listaháskólann út frá dragsenunni og hefur notað persónu Lolu til að tala um hluti sem hún kljáiast við í eigin lífi, meðal annars þunglyndi og vinslit.

SJÁ SÍÐU 30



Oddný í hlutverki Lolu von Heart.

Það er einfalt að tryggja þig og þína á tm.is



TM

Hugsum í framtíð



The English Pub og Dansk kráin eru lokað vegna veikinda hjá starfsfólki.

Tveimur krám í miðbænum lokað vegna Covid-smits

adalheidur@frettabladid.is

COVID-19 Stjórnendur Dönsku krárinna í Ingólfsstræti og The English Pub í Austurstræti neyddust til að loka þeim um helgina þegar einn starfsmaður á hvorum stað greindist Covid-smitaður og allt starfslið á sömu vakt var sent í sjö daga sóttkví.



Ómögulegt hefur reynst að manna vaktir á The English Pub þar sem vöktum hafði verið blandað saman dagana áður en smit greindist.

Þetta staðfestir Logi Helgason, rekstrarstjóri staðanna, í samtali við Fréttablaðið en hann segir það hafa verið áfall að þurfa að bregðast svona hart við á sjálfri verslunarmannahelginni. Í tilviki Dönsku krárinna var ekki unnt að kalla út annað starfsfólk fyrr en á sunnudag, en öllu erfiðara reyndist að opna The English Pub að nýju þar eð vöktum hafði verið blandað saman dagana á undan – og hefur staðurinn ekki enn verið opnaður fyrir vikið.

Logi segir allt starfsfólk hafa tekið uppákomunni af æðruleysi, en vitaskuld hafi það ekki verið undirbúið fyrir atvik af þessu tagi, því smit-rakningarteymi sóttvarnalæknis hafi skipað starfsfólkinu að loka starfsemi á stundinni, koma gestum úr húsi, slökkva á kertum og skella í lás. Svoleiðis vaktalokum eigi einn að venjast. ■

Hellidemba í borginni



Óhemjumikla rigningu gerði í Reykjavík síðdegis í gær og virtist hún koma mörgum í opna skjöldu þótt aðrir hafi verið ágætlega búnir undir slíkt atlæti frá veðurguðunum. Von er á dálitilli rigningu í borginni í dag og síðan einhverri vætu út vikuna þótt það verði vart í líkingu við skýfall gærdagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gamlir taflmenn koma í leitirnar

gar@frettabladid.is

MENNING Frá því kallað var eftir því í vor að fólk aðstoðaði við leit að safngripum vegna minningarsýningar um bandaríska fræðimanninn og velgjörðarmann Grímseyinga, Daniel Williard Fiske, hafa nokkrir taflmenn sem Fiske gaf eyjarskeggjum á 19. öld komið í leitirnar.

„En svo virðist sem aðeins eitt taflborð hafi varðveist og er það til sýnis á minningarsýningunni,“ segir á vef Akureyrarbæjar. Þar kemur fram að Fiske hafi siglt til Íslands árið 1879, séð Grímsey við ystu sjónarrönd og tekið sérlegu ástföstri við eyjuna. Grímseyingar halda minningu Fiske á lofti og hefur verið ákveðið að opna minningarsýninguna formlega á fæðingardegi hans, 11. nóvember. ■

Segir ekki koma til greina að aflýsa Hinsegin dögum

Alls konar skemmtilegir viðburðir munu eiga sér stað á óheföbundnum Hinsegin dögum í ár. Engin Glediganga verður en framkvæmdastjóri hátíðarinnar lofar regnboga-gleði um allan bæ og hvetur alla til að taka þátt og flagga.

urduryrr@frettabladid.is

SAMFÉLAG Hinsegin dagar byrjuðu formlega í gær með opunarhátíð og fjölda viðburða. Hátíðin er með öðru sniði í ár vegna sóttvarnaráðstafana. Samkvæmt Sigurði H. Starr Guðjónssyni, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, kom ekki til greina að aflýsa henni eins og var gert í fyrra.

„Við erum búnir að vera að vinna í brjálaðri endurskipulagningu af því að Hinsegin dögum skal ekki vera frestað aftur eða aflýst,“ segir Sigurður. „Við þurfum þennan sýnileika og að halda þessa hátíð.“

Fyrir ári varð mjög svipuð atburðarás og þá neyddist stjórn Hinsegin daga til að aflýsa hátíðinni.

„Þá höfðum við bara hálfu viku til að reyna að redda hlutunum en í ár höfðum við eina og hálfu og þessir sjö dagar skiptu alveg máli,“ segir Sigurður.

Hátíðin var formlega sett í gær með því að mála regnboga í Ingólfsstræti, milli Hverfisgötu og Laugavegar. Regnboginn er staðsettur beint fyrir framan Gamla bíó, þar sem nokkrir viðburðir munu eiga sér stað.

Skipuleggjendur hátíðarinnar neyddust til að fækka viðburðum úr tæpum fimmtíu í tæpa tuttugu. Einn af viðburðunum sem þurfti að blása af var hin viðfræga Glediganga. Sigurður segir skipuleggjendur vinna að því að leita lausna með almannavörnum og borginni.

„Við erum komin með skemmti-



Sigurður H. Starr Guðjónsson, framkvæmdastjóri Hinsegin hátíðarinnar, segir mikið fjör fram undan.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

lega lendingu sem er algjört leyndó,“ segir hann og bætir við að markmiðið sé að vera með smá sýnileika á göngudeginum og fagna því sem hægt sé að fagna.

Slagorð hátíðarinnar þetta árið er „Hinsegin á öllum aldri“ og er þá sérstök áhersla lögð á að ná til hinsegin ungmenna og eldra fólks. Þá verða til dæmis ungmennatónleikar, hinsegin götuleikhús, fræðsluviðburður um að eldast hinsegin og samtal milli kynslóða.

Allir fræðsluviðburðirnir og eitt-hvað af öðrum viðburðum verða í boði í streymi auk þess sem hægt verður að mæta á staðinn. Ekki komast allir að sem vilja vegna samkomutakmarkana en markmiðið er að miðla fræðslunni til sem flestra.

„Við viljum deila fræðslunni

með öllum sem vilja hlusta,“ segir Sigurður.

Á föstudag verður sýningin Drag Djók sem Sigurður fer fögrum orðum um og segir vera eitt flottasta dragverk sem hefur verið sett upp á Íslandi. Þar koma bæði íslenskir og erlendir listamenn fram á svið.

Á laugardaginn verður svo Drag Brunch sem venjulega væri haldinn fyrir Gledigönguna. „En er núna mikið pepp í laugardagsævintýri,“ segir Sigurður.

Að sögn Sigurðar má búast við regnbogagleði úti um allan bæ og hvetur hann fólk til að flagga sínum stærstu regnbogaflöggum og taka þátt í gleðinni. Í Hinsegin kaupfélaginu á Aðalstræti 2 er hægt að kippa með sér alls konar varningi og fánum í regnbogalitum. ■

PRIDE

Skraut og fylgihlutir

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • www.partybudin.is

Leeeeee eeengdu sumarið!

20% afsláttur til allra áfangastaða

í ágúst og september.

Framlengdu sumarið og bókaðu draumaferðina á einstökum afslætti á **flyPLAY.com**, fyrir miðnætti föstudaginn 6. ágúst. Hjá okkur er aukinn sveigjanleiki ef breyta þarf flugi — þú getur bókað það. Borga minna. Leika meira!

PLAY

Gildir á flugi á völdum dagsetningum í ágúst og september 2021. Bókanlegt til miðnættis 6. ágúst.



Smáhýsi velferðarsviðs í Gufunesi.

Fjölmeiri erindi vegna smáhýsa

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Mikill fjöldi athugasemda hefur borist skipulagsyfirlöndum í Reykjavík vegna áfarma um byggingu smáhýsa fyrir skjólstaðinga velferðarsviðs borgarinnar í Laugardal.

„Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að fimm smáhýsum á nýrri lóð,“ segir í fundargerð skipulagsfulltrúa sem tók fyrir tillögu að breytingu á deiliskipulagi svo marka megi húsunum lóð.



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að fimm smáhýsum á nýrri lóð,

Úr fundargerð skipulagsfulltrúa.

Meðal þeirra sem sendu inn athugasemdir vegna málsins nú í sumar eru íbúar við Laugardal, Reitir fasteignafélag hf., Íþróttabandalag Reykjavíkur og Félag pípuþingameistarara. Einnig barst að minnsta kosti ein stuðningsyfirlýsing vegna áformanna. ■

Laumufarþegar skimaðir og fluttir í sóttvarnahús

adalheidur@frettabladid.is

FLÓTTAFÓLK Þrjú laumufarþegar fundust um borð í skipi í Sundahöfn snemma í gærmorgun. Færði lögregla þremmenningana í sýnatöku og síðan í sóttvarnahús, en unnið er að því að staðfesta þjóðerni þeirra. Þetta kemur fram á veflögreglunnar. Talið er að laumufarþegarnir hafi komið um borð í skipið í Danmörku.

Fyrir mánuði fundust fjórir laumufarþegar um borð í skipi sem kom til hafnar í Straumsvík og voru þeir einnig fluttir í sóttvarnahús. Talið er að þeir hafi komið um borð í skipið er það stoppaði í Senegal um mánaðamótin maí-júní. Laumufarþegarnir höfðu engin gögn á sér sem varpað gat ljósi á uppruna þeirra. Lögregla hefur ekki gefið frekari upplýsingar um málið. ■



Þrjú laumufarþegar fundust um borð í skipi í Sundahöfn í gærmorgun.

Kanna forsendur fyrir bótakröfu á hendur fyrirverandi skiptastjóra

Ágreiningu um störf fyrirverandi skiptastjóra Þrotabús Þóroddsstaða ehf. er ekki lokið. Nýr skiptastjóri lætur nú verðmeta helstu eign búsinns með mögulega kröfugerð vegna sölu hennar í huga.

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Ekki er útilokað að gerð verði skaðabótakrafa á hendur fyrirverandi skiptastjóra Þrotabús félagsins Þóroddsstaða ehf. vegna þess hvernig atvikum var háttað við sölu helstu eignar búsinns. Ágreiningur um störf skiptastjórans rataði fyrir dómstóla en honum var víkið úr starfi skiptastjóra með úrskurði héraðsdóms í fyrra en Landsréttur felldi þann úrskurð úr gildi nokkru síðar. Skiptastjórinn ákvað engu að síður að búinu væri betur borgið með nýjum skiptastjóra.

Nýr skiptastjóri Þrotabús Þóroddsstaða ehf. hefur gert kröfu um að dómkvaddir verði matsmenn til að leggja mat á raunverulegt verðmæti og þar með hæfilegt söluverð fyrir helstu eign búsinns, fasteignina Þóroddsstaði sem stendur við Skógarhlíð í Reykjavík.

Kröfuhöfum búsinns varð uppsiglað við fyrri skiptastjóra búsinns á síðari hluta síðasta árs og var honum víkið úr starfi skiptastjóra með úrskurði héraðsdóms í nóvember í fyrra. Ástæða brottvikningarinnar var framferði hans í tengslum við sölu á Þóroddsstöðum.

Í úrskurði héraðsdóms er rakið að áður en til gjaldþrotaskipta kom hafi eignin verið til sölu hjá fasteignasölu Mikluborg sem fengið hafi 200 milljóna kauptilboð í eignina en salan ekki gengið í gegn þar sem kaupandinn gat ekki fjármagnað kaupin.

Eftir að félagið var tekið til gjald-



Þóroddsstaðir eru helsta eign búsinns og kröfuhafar telja hana ekki hafa verið seld á réttu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ég vil sem skiptastjóri fá mat á því hvað hafi verið hæfilegt söluverð með vísan til þess hvernig staðið var að sölu.

Gísl Guðni Hall lögmaður og skiptastjóri.

þrotaskipta og Lárus Sigurður Lárusson skipaður skiptastjóri, hafi húsið hins vegar verið tekið úr sölu hjá Mikluborg en selt stuttu síðar til sama kaupanda í gegnum fasteignasölu eiginmanns og sam-

starfsmanns skiptastjórans, Sævars Þórs Jónssonar. Kaupverðið var 70 milljónum lægra en fyrra tilboð, eða 130 milljónir.

Dregin var sú ályktun í úrskurðinum að hagsmunir Lárusar sjálfs hefðu ráðið framangreindri ákvörðun, en hún hefði tryggt að þóknun vegna sölu fasteignarinnar rynni til eiginmanns hans.

Lárus kærði úrskurðinn til Landsréttar sem taldi hann ekki hafa brotið gegn skyldum sínum sem skiptastjóri þótt ýmislegt hefði mátt betur fara. „Verður ekki talið eins og atvikum máls þessa er háttað að framferði sóknaraðila hafi verið slíkt að efni hafi staðið til að víkja honum fyrirvaralaust úr starfi skiptastjóra,“ sagði í úrskurði Landsréttar.

Lárus ákvað engu að síður að best

færi á því að annar yrði fenginn til að skipta búinu, vegna trúnaðarþrests sem orðið hefði milli hans og kröfuhafa búsinns. Það þjónaði því best hagsmunum búsinns að annar yrði fenginn til að skipta því.

Var hæstaréttarlögmaðurinn Gísl Guðni Hall skipaður skiptastjóri yfir búinu.

„Ég vil sem skiptastjóri fá mat á því hvað hafi verið hæfilegt söluverð með vísan til þess hvernig staðið var að sölu,“ segir Gísl. Um sé að ræða nauðsynlegt skref til að geta metið hvort grundvöllur sé til einhvern kröfugerðar á hendur skiptastjórnum fyrirverandi og þeirri lögmannsstofu og fasteignasölu sem hann starfar á. Eru þeir matsþolar í matsbeiðninni ásamt ábyrgðartrygginganda þeirra, Sjóvá almennum tryggingum hf. ■

Spurt um hljóðdempandi símaklefa

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Reykjavíkurborg hefur ákveðið að kaupa svokallaða hljóðdempandi símaklefa upp á rétt tæpar fimm milljónir króna. Óskað var eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið borgarinnar skilaði frekari skýringum á því hvaða heimild hefði verið til staðar fyrir kaupum á símaklefunum, sem keyptir voru af Syrusson hönnunarhúsi.

Samkvæmt bréfi sem sent var til sviðsins þótti vanta nánari skýringu á hvernig sú niðurstaða hefði fengist að Syrusson væri eini seljandinn með sambærilega vöru, ásamt víðeigandi vísun í innkaupa-reglur. Einnig vantar upplýsingar um hvort umrædd upphæð sé með eða án virðisaukaskatts, segir í bréfinu.

Fjármála- og áhættustýringar-



Símaklefarir eru að koma aftur – nú hljóðdempandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

svið segir í svari sínu að skýringar á yfirlitinu hefðu mátt vera skýrari og hefur yfirlitið verið uppfært.

Í svari sviðsins kemur fram að það hafi gert þarfagreiningu og samanburð en um sé að ræða svokallaða hljóðdempandi símaklefa og þurftu þeir að uppfylla ákveðin skilyrði eins og að passa inn í það rými sem þeim var ætlað að vera í og uppfylla ákveðin skilyrði um hljóðvist og ýmislegt fleira.

Þegar farið var að kanna þá kosti sem voru í boði þóttu klefarnir frá Syrusson þeir sem hentuðu best miðað við þarfir borgarinnar. Má þar nefna meðal annars hversu lítið pláss þeir taka en rými skrifstofunnar er takmarkað. Þá þykja þeir henta vel hvort heldur er sem símaklefar en einnig vegna funda en hver klefi tekur tvær manneskjur í sæti. Ekki reyndist mikið úrval af þessari stærð og gerð klefa. ■

Vegna fjölda eftirspurna höfum við framlengt tilboðið.

Kiktu á blaðsíðu 9!

Sleepy

MEDIUM

Sleepy

DREAMWORKS

STUBBUR STJÓRI

FJÖLSKYLDUBRANSINN



KOMIN Í BÍÓ

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

BORGAR BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LUGUS

ÁLFABAKKI
SAMBÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍÓ

SAMBÍÓ
ÉGILSHÖLL

SMÁRA BÍÓ



Flugvél Play á Keflavíkflugvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þriðja flugvél Play til landsins gær

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Í sumar höfum við hægt og rólega verið að byggja okkur upp og það er allt á áætlun hjá okkur," segir Birgir Jónsson, forstjóri Play, en þriðja flugvél fyrirtækisins TF-PLB lenti í gærkvöldi á Keflavíkflugvelli. Vélinni var flogið frá Amarillo í Texas en þar var hún máluð í einkennislitum félagsins.

Í tilkynningu segir að vélin sé frá 2018, líkt og hinar tvær vélar félagsins TF-AEW og TF-PLA sem komu fyrir í sumar, og taki 192 farþega. Félagið á von á þremur flugvélum til viðbótar næsta vor þegar áætlað er að hefja flug til Bandaríkjanna. Þá er áformað að flugflotinn verði kominn í um tíu vélar árið 2023.

„Þrátt fyrir bakslag í heimsfaraldrinum lítum við björtum augum til framtíðar enda höfum við fengið frábærar móttökur og finnum greinilega að það er ferðahugur í fólki," segir Birgir. ■

Prestur játar morð á eiginkonu sinni

gar@frettabladid.is

DANMÖRK Sóknarpresturinn Thomas Gotthard í Danmörku skipulagði morð á eiginkonu sinni með því að kaupa saltsýru og aðra hluti. Þetta kom fram í réttarsal í gær að því er Danmarks Radio segir frá. Sagði lögmaður Gotthards að skjólstæðingur hans játaði allar sakir.

Samkvæmt gögnum málsins banaði Gotthard eiginkonu sinni með því að greiða henni högg með steini og kæfa hana síðan í framhaldinu. Segir Danmarks Radio prestinn hafa skipulagt morðið vandlega, meðal annars með því að hafa kannað hvaða efni eru ætandi og keypt saltsýru í lítravís tveimur dögum fyrir ódæðið. Þá hafði hann þegar útvegað sér fódurtunnu sem hann síðan notaði undir lík konu sinnar.

Saksóknari krefst að sögn DR 5 ára fangelsisdóms yfir Gotthard. ■

Vantar vindinn til að hræra upp í skýjahulunni

gar@frettabladid.is

VEÐUR „Það sem spárnar gera ráð fyrir núna á næstunni er að það verði frekar þungbúið veður og sólarlítið á landinu," segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur um veðurútlitið fram undan.

„Smám saman fer úrkoma að



Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur.

verða ágengari – eins og gerist nú gjarnan í ágúst," boðar Einar áfram. Spár gera ráð fyrir skilum myndarlegrar lægðar á mánudaginn í næstu viku með rigningu sunnan- og vestanlands. „Þetta er mjög eðlilegt veðurlag fyrir ágúst."

Að sögn Einars er veðrið nú svo hæglátt að í raun og veru vanti bara

vind til að hræra upp í hlutunum. „Lágský liggja bara eins og teppi yfir landinu. Það grísjar sums staðar í gegn en almennt er bara meira og minna skýjað," segir Einar. Enginn slíkur vindur sé fyrr en með lægðinni eftir helgina. „Það verður fróðlegt að sjá hvað gerist í kjölfarið á henni." ■

Segja íbúa horfa upp á vatnsskort og hvetja ráðherra til að bjarga Grenlæk

Endurtekin vatnspurrð í Grenlæk ógnar afkomu íbúa í Meðallandi og Landbroti. Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra til að taka af skarið og ákveða hver eigi að annast vatnastýringu sem leysa á vandann og tillaga um liggi þegar fyrir.

gar@frettabladid.is

LÍFRÍKI Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir iðnaðarráðherra hefur verið hvött til þess af sveitarstjórn Skaftárhrepps að finna í samvinnu við Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfisráðherra lausn til framtíðar vegna vatnspurrðar í Grenlæk.

„Miklir þurrkar og lítil úrkoma í langan tíma ásamt köldu vori og júnimánuði hafa orðið til þess að nú eru á annan tug kílómetra þurrir í Grenlæk. Lífríki lækjarins er í hættu þar sem allt vatnalíf hverfur og þar með þrjár árgangar sjóbirtings," segir í bókun af síðasta fundi sveitarstjórnarinnar sem var um miðjan júlí. Minnt er á að Grenlækur sé á Náttúruminjaskrá. Þar hafi síðast orðið vatnspurrð fyrir fimm árum.

Sveitarstjórnin lýsir ástandinu þannig í fundargerð sinni að vegna varnargarða sem hindri vatn í að renna úr Skaftá út á Eldhraunið hafi vatn sem falli til Grenlækjar minnkad svo mikið að í þurrkatíðum lenti lækurinn í þurrð.

Bendir sveitarstjórnin á að Hafrannsóknastofnun hafi í bréfi til umhverfisráðherra hvatt til þess að framtíðarlausn yrði fundin á vandanum. Stór hluti íbúa Skaftárhrepps horfi upp á mikinn skort á nauðsynlegu vatni til framfærslu og atvinnusköpunar í sveitarfélaginu.

„Fyrrum forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Sigurður Guðjónsson, skilaði til iðnaðarráðherra árið 2016 tillögum að lausnum bæði til bráðabirgða og framtíðar. Ekki þarf því að tefja málið frekar varðandi vatnaveitingarleiðina," undirstrikar sveitarstjórnin sem fol Söndru Ýr Jóhannsdóttur sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.



Endurtekin vatnspurrð ógnar Grenlæk. Í maí 1998 voru mikil hrygningar- og uppeldissvæði sjóbirtings á þurru.

MYND/VEIDIMÁLASTOFNUN



Það gæti stefnt í uppnám ef þetta verður ekki ákveðið í eitt skipti fyrir öll þannig að það þurfi ekki að karpa í hvert einasta skipti sem það kemur þurrkatíð – sem sagan sýnir að mun gerast reglulega.



Sandra Ýr Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps.

„Við viljum að það náist samstaða um hver á að vera framkvæmdaðili að vatnaveitingu á þessu svæði," segir Sandra. Sveitarfélagið hafi beðið Vegagerðina að annast framkvæmdina en stofnunin hafnað því. Fyrir liggja áætlun sem unnin hafi verið af þverfaglegum starfshópi um það hvernig haga megi vatnastýringunni með tiltölulega einföldum hætti. Bæði Vegagerðin og Landgræðslan sem hafi staðið að gerð varnargarða á svæðinu gætu tekið málið að sér. „Það er eðlilegast að verkið sé í höndum aðila sem hafa bæði tæki, þekkingu og mannafla til að gera þetta."

Aðspurð um vatnssöðuna í Grenlæk í dag segir Sandra hana hafa lagast mikið frá því verst lét í sumar en reynslan sýni að fljótt geti sigið á ógæfuhliðina. Um mikið hagsmunamál sé að ræða, sérstaklega fyrir ferðaþjónustu, veiðileyfasölu og búskap í Meðallandi og Landbroti.



Góð sjóbirtingsveiði er í Grenlæk og eiga því landeigendur mikið undir því að lifríki árinna gjaldi ekki fyrir truflun á vatnsflæði af mannavöldum.

„Grunnvatnið þar er komið í ákveðna hættu. Það gæti stefnt í uppnám ef þetta verður ekki ákveðið í eitt skipti fyrir öll þannig að það þurfi ekki að karpa í hvert einasta skipti sem það kemur þurrkatíð – sem sagan sýnir að mun gerast reglulega," segir sveitarstjórnin. ■

Sigmundur Ernir Rúnarsson ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins

ritstjorn@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur verið ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins og jafnframt aðalritstjóri útgáfufélagsins Torgs ehf. sem rekur, auk Fréttablaðsins, DV, Markaðinn og sjónvarpsstöðina Hringbraut. Sigmundur Ernir tók við starfinu í gær af Jóni Þórisyni sem ritstýrt hefur blaðinu frá haustinu 2019.

Jón hyggst nú snúa sér að öðrum verkefnum, en hann er lögfræðingur frá Háskóla Íslands. Hann hefur verið varamaður í stjórn félagsins og mun sinna því hlutverki áfram.

„Þetta er spennandi áskorun og

ég þakka traustið sem mér er sýnt," segir Sigmundur Ernir. „Mitt verkefni verður að efla fréttabljónustu og dagskrárgerð, hámarka samlegðaráhrif þeirra ólíku miðla sem útgáfufyrirtækið Torg rekur og gera þá að skemmtilegum og eftirsóknarverðum vinnustað."

Sigmundur Ernir er á meðal reynslumestu fjölmiðlamanna landsins, en hann hóf blaðamennsku á síðdegisblaðinu Vísi fyrir réttum 40 árum. Þaðan lá leiðin á Helgarpóstinn og síðar á Ríkissjónvarpi, en eftir stofnun Stöðvar 2 haustið 1986 varð hann landskunnur fréttapular í sjónvarpi um langt árabil. Hann varð ritstjóri DV



Sigmundur Ernir Rúnarsson ritstjóri Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

2001, fréttaritstjóri Fréttablaðsins 2004, fréttastjóri Stöðvar 2 2005 og settist svo á Alþingi fyrir Samfylkinguna í Norðausturkjördæmi frá 2009 til 2013.

Að þingstörfum loknum tók Sigmundur loks þátt í stofnun og stjórnun sjónvarpsstöðvarinnar Hringbraut sem varð hluti af útgáfufélaginu Torgi snemma á síðasta ári. Þar að auki er Sigmundur Ernir kunnur af ritverkum sínum, en eftir hann liggur á þriðja tug bóka.

„Þetta hefur verið viðburðaríkur tími og ákaflega skemmtilegur. Hér hef ég kynnst góðu fólki sem ég lit á sem vini mína og saman höfum

við komið ýmsu í verk. Ég tók lagaþróf fremur seint á ævinni og það stóð aldrei til að staldra lengi við. Nú finnst mér tímabært að leita á önnur mið," segir Jón Þórisson.

„Það er mikill söknuður að Jóni Þórisyni og vil ég þakka honum vel unnin störf og óska honum alls hins besta á nýjum vettvangi. Að sama skapi eru spennandi tímar fram undan með nýjan mann í hlutverki aðalritstjóra. Sigmundur Ernir hefur verið farsæll í störfum sínum á íslenskum fjölmiðlum og mun án efa setja sinn blæ á miðla Torgs í framtíðinni," segir Björn Viglundsson, forstjóri Torgs, útgefanda miðlanna. ■



ALVÖRU SUMARÚTSALA

**10-50%
afsláttur**



**25%
AFSLÁTTUR**

**Lavor Cruiser
160 PLUS**
160 bör
2200W Induction mótur
kolalaus. Reel-in-Pressure
slönguhjól, 390l/klst
Þyngd 15,5kg
8m professional slanga
Mikið af aukahlutum
fylgir

35.243
Áður kr. 46.990



**25%
AFSLÁTTUR**

**Lavor HPC
fast 120**
120 bör
Mótur: 1700W
Vatnsflæði: 330 l/ks

9.743
Áður kr. 12.990



**25%
AFSLÁTTUR**

**LUSTREUSE Bónvel/
rokkur 1200w**
7.496
Áður kr. 9.995

Lutool rafhlöðuborvél
24V Li-Ion
Verð nú
7.493
Áður **14.985** kr.

**50%
AFSLÁTTUR**



Gólfefni og flísar



Harðparket,
og flísar

**20-50%
AFSLÁTTUR**

Frá kr.
995 pr.
m²

Creative Super Seal 5 litrar

11.046 Áður kr. 12.995
25 litrar **25.496** Áður kr. 29.995

Lavor Pro Rudy 1200S
ryk/blautsuga 1200W 20 lítra

8.996
Áður kr. 11.995




**25%
AFSLÁTTUR**



**50%
AFSLÁTTUR**

Boloco vaskur
5.495
Áður kr. 10.990



**15%
AFSLÁTTUR**

**Steypugljái
á stéttina
– þessi sem endist**



**25%
AFSLÁTTUR**

Colorex Betopaint útimálning
Stofn A 9L

6.746
Áður kr. 8.995



**40%
AFSLÁTTUR**

Premium
pallaolía V 3 L
1.377
Áður kr. 2.295



Malarhrífa
1.691
Áður kr. 2.255

**25%
AFSLÁTTUR**

2.314
Áður kr. 3.085



**30%
AFSLÁTTUR**

**20-25%
AFSLÁTTUR**

**BoZZ sturtuklefi
m/stöng, blöndunar-
tækjum og brúsu**
80x80x200 **47.920**
Áður kr. 59.900
90x90x200 **52.496**
Áður kr. 69.995
m/hitastýrðum blöndunartækjum

**Fáanlegir
rúnaðir og
ferkantaðir**



Fyrirvari um prentvillur. Tilboðin glíða í öllum verslunum
Múrbúðarinnar. Takmarkað magn af sumum vörum.

Ríga salerni með setu
m/stút í vegg
19.421
Áður kr. 25.895

**25%
AFSLÁTTUR**



Garðverkfæri sett
1.856
Áður kr. 2.475


**25%
AFSLÁTTUR**

Sláttuorf: 1cylinder loftkældur
mótur. 0,7 kW Rúmtak 31CC,
Stærð bensintanks 0,65 L

**Sláttuorf Mow
FBC310**

25.411
Áður kr. 29.895

**15%
AFSLÁTTUR**



Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Þúsundir íraskra forngripa hafa glatast á síðustu áratugum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bandaríkin skila Írökum fjölda stolinna forngripa

arnartomas@frettabladid.is

ÍRAK Bandaríkin stefna á að skila Írökum meira en 17 þúsund forngrípum sem var stolið og smyglað frá Írak í innrásinni árið 2003. Þúsundir forngrípum hurfu í kjölfar innrásarinnar en margir þeirra voru eyðilagðir af hryðjuverkasamtökunum Isis.

Yfirvöld í Bandaríkjunum hafa unnið að því að leggja hald á munina sem voru margir hverjir komnir í einkaeigu eða orðnir að safngrípum.

Einn merkasti gripurinn sem skilað verður er 3.500 ára gömul leirtafla sem í er meitlaður hluti af Gilgamesarkviðu. Yfirvöld lögðu hald á hana árið 2019 eftir að taflan hafði verið seld á listaverkaupboði og var komin til sýnis á safni í Washington DC.

Gilgamesarkviða á rætur sínar að rekja til Súmeríu og er talin vera eitt af elstu bókmenntaverkum sögunnar. ■



Jóhann Karl býr í miklum vellystingum, en spænsku blöðin eru honum þó þyrnir í augum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gamli konungur Spánar þjakaður af heimþrá

thorgrimur@frettabladid.is

SPÁNN Í gær var ár síðan Jóhann Karl 1., fyrrverandi konungur Spánar, hrökklaðist í útleið og settist að í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Ástædan var uppljóstrun um að hann hefði tekið við fúlgum fjár frá Sáði-Arabíu í gegnum aflandsreikninga. Hneykslið hafði skekið spænsku konungsfjölskylduna og leiddi til þess að sonur hans, núverandi konungurinn Filippus 6., hafði svipt föður sinn lífeyri og afsalað sér arfi frá honum.

Samkvæmt frétt El País væsir ekki um gamla konunginn í lúxushíbýlum sínum. Hann hefur sest að á eyjunni Zaya Nurai og býr þar á 1.050 fermetra glæsisetri með sex svefnherbergjum, sjö baðherbergjum, sundlaug og einkaströnd.

Þó stekkur honum ekki brot þegar hann les spænsk dagblöð og sér umfjöllun um málefni sín. Telur Jóhann Karl að rangt sé farið með staðreyndir, eða að minnsta kosti muni hann atburðina á annan veg. Samkvæmt heimildum El País vill sá gamli ekkert frekar en að snúa aftur heim til Spánar. Þar biður hans hins vegar opinber skattrannsókn og er óvíst að Filippus myndi taka endurkomu hans fagnandi. ■

Íranskir útlagar mótmæla



Írönsk útlagasamfélög komu saman víða um heim í gær, meðal annars í Berlín, Brussel og Washington, til að mótmæla embættistöku nýja forsetans Ebrahims Raisi. Raisi er harðlinuiahaldsmaður og bandamaður æðstaklerksins Ali Khamenei. Talið er að hann hafi skipað fyrir um aftöku þúsunda pólitískra andófsmanna á níunda áratugnum. Raisi var kjörinn forseti í júní en talið er að stjórnvöld hafi búið svo um hnútana að hann myndi vinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í hart við kosningadómstól Brasilíu


Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, á í deilum við kosningadómstól vegna ítrekaðra ásakana hans um að rangt verði haft við í kosningum landsins. Forsetinn á rannsókn yfir höfði sér fyrir að dreifa falsfréttum.

thorgrimur@frettabladid.is

BRASILÍA Æðsti kosningadómstóll Brasilíu hefur lýst yfir að hann hyggist hefja rannsókn á Jair Bolsonaro, forseta landins, fyrir ítrekaðar staðhæfingar hans um að kosningar landsins séu gegnsýrðar af svindli. Bolsonaro fór mikinn í ríkissjónvarpi landsins um helgina og hélt því fram að kosningasvindl hefði verið útbreitt í forsetakosningunum árið 2018, þar sem hann var kjörinn forseti. Bolsonaro vann þar sigur í annarri umferð en hann vill meina að hann hefði unnið með hreinum meirihluta atkvæða í fyrstu umferð ef ekki hefði verið svindlað.

Forsetinn færði ekki fram sönnunargögn fyrir staðhæfingu sinni, en hefur lagt fram kröfur um að kosningakerfinu verði breytt svo að öll atkvæði verði prentuð á pappír og hægt verði að endurtelja atkvæðin handvirkt.

Þúsundir stuðningsmanna Bolsonaros söfnuðust saman í nokkrum borgum Brasilíu, þar á meðal São Paulo og Rio de Janeiro, til þess að styðja kröfur forsetans um breytingar á kosningakerfinu. Kosningadómstóllinn hefur hins vegar alfarið hafnað staðhæfingum Bolsonaros um að svindl viðgangist í kosningum Brasilíu og hópur átján núverandi og fyrrverandi hæstaréttardómara tók í sama streng í sameiginlegri yfirlýsingu á mánudag. Í henni staðhæfðu þeir að núverandi kosningakerfi, sem var innleitt árið 1996, hefði gert út af við kosningasvindl í landinu. Bentu þeir á að úttekt væri gerð á atkvæðum fyrir, eftir og á meðan kosningar standa



Stuðningsmenn Jairs Bolsonaro Brasilíuforseta í mótmælagöngu í São Paulo krefjast breytinga á rafrænu kosningakerfi landsins til þess að sporna við kosningasvindli. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Jair Bolsonaro er ekki á leið úr stjórnmálum og sækist eftir endurkjöri í næstu kosningum.

yfir og að stjórnmálaflokkar, saksóknarar, lögregla, háskólar og lögmannasamband Brasilíu hefðu aðgang að öllum gögnum á öllum stigum atkvæðagreiðslunnar.

Kosningadómstóllinn kaus einróma að hefja rannsókn á staðhæfingum Bolsonaros og bað hæstarétt Brasilíu að rannsaka hvort forsetinn hefði framið glæp með því að dreifa falsfréttum um kosningakerfið. „Það að menga þjóðfélagsmæðuna með rangfærslum, lygum, hatrí og samsæriskeningum jafngildir andlýðræðislegri hegðun,“ sagði Luís Roberto Barroso, forseti kosningadómstólsins.

Bolsonaro sækist eftir endurkjöri í forsetakosningum á næsta ári. Skoðanakannanir spá forsetanum

ekki góðu gengi í kosningunum Gagnrýnendur Bolsonaros telja að með aðdróttunum sínum um kosningasvindl sé hann að feta í fótspor átrúnaðargóds síns, fyrrverandi Bandaríkjaforsetans Donalds Trump, með því að vefengja kosningarnar fyrir fram svo hægt verði að hafna niðurstöðu þeirra, fari svo að hann tapi.

Í gær sagði Bolsonaro að hann myndi ekki beygja sig fyrir hótunum. „Ég ætla að halda áfram að nýta mér rétt minn til tjáningarfrelsis, til að gagnrýna, hlusta á og umfram allt svara þjóðarviljanum. Ég sör að gefa þjóðinni líf mitt ef hún verður fyrir árás að utan eða innan. Nú stendur yfir árás á Brasilíu að innan.“ ■

TILBOÐIÐ RENNUR ÚT Á MORGUN!

Tveir Sleepy Charcoal Original koddar fylgja hverri keyptri Sleepy dýnu

Besta dýna
í Evrópu 2021

Kíktu við í verslun Vest,
Ármúla 17

Sleepy®

“Við sofum einstaklega vel
eftir að hafa skipt yfir í Sleepy”



Ekki óttast



Adalheiður Amundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Engu hverfi á höfuðborgarsvæðinu svipar meira til smáþorps á landsbyggðinni en 101 Reykjavík. Þar ægir saman verslunum og framleiðslufyrirtækjum, innan um gróna íbúabyggð þar sem heilu ættliðirnir hafa búið áratugum saman. Þar eru höfn og fiskvinnsla, ráðhús og lögreglustöð, leikskólar, matstofur og samkomuhús.

Ólíkt því sem unnt er að segja um önnur hverfi borgarinnar hafa íbúar og daglegir vegfarendur miðborgarinnar raunverulegt val um samgöngumáta. Rétt eins og í flestum kaupstöðum og þorpum landsins geta íbúar miðborgarinnar og aðrir sem þangað sækja daglega, sinnt sínum útréttingum fótgangandi, hjólandi, rafskútandi eða akandi. Það er engu líkara en þessi staðreynd hafi farið fram hjá þeim sem hafa ímugust á miðborginni og uppnefna hana „borg óttans“.

Í stað þess að laðast að þeim eiginleikum sem líkastir eru fyrra lífi þess, velur fólk sem flyst til borgarinnar af landsbyggðinni að setjast að í úthverfum, þar sem sækja þarf þjónustu um lengri veg og Ártúnsbrekkan verður dagleg þína þeirra sem eiga því að venjast að komast hratt og örugglega milli staða. Valið skýrist eflaust af fasteignaverðinu en einnig af óttanum sem þeim hefur verið kennt að ala með sér til miðborgar Reykjavíkur, hins eiginlega smáþorps borgarinnar.

Miðborgin hefur tekið ótrúlegum stakkaskiptum undanfarnin misseri. Eins og með margar gerðir lýtaaðgerða hafa sumar þeirra verið sársaukafullar meðan á framkvæmdum stendur.

Það er ekki fyrr en nú í sumar sem við getum byrjað að átta okkur á hver hugsunin er og hversu jákvæðar breytingarnar eru þegar allt verður tilbúið. Líkt og í flestum stórborgum Evrópu verða bílastæðin neðanjarðar, til að mannlífið fái notið þeirra svæða þar sem við áður lögðum innantómum bílum. Þar rísa ýmist nútímaleg stórhýsi sem veitt geta skjól eða falleg torg sem mannfólkið getur notið.

Önnur bylting er að verða samhliða þessum breytingum. Miðborgin er smátt og smátt að veita þeim sem kjósa aðra ferðamáta en einkabilinn meira rými en áður. Gangstéttir eru víða að breikka og á mörgum strætum eru sérstakar akreinar fyrir hjól og rafskútur. Við stöndum inni í þessari byltingu miðri akkúrat núna og hún krefst ekki bara framkvæmda af hálfu borgaryfirvalda, heldur einnig skilnings annarra yfirvalda og ekki síst að við sjálf, vegfarendur um miðborgina, tökum þátt.

Það er meiri hætta á slysum í miðjum byltingum. Þau sem eru á bíl eru ekki vön öllum þessum reiðhjólum og skútum sem birtast í sífellu og óvænt við gatnamót þar sem bílar gátu áður brunað í gegn án umhugsunar. Gangandi vegfarendur eru vanir því að eiga allt það pláss á strætum sem bílarnir eiga ekki og hjólandi fólk skýtur þeim nú oftar skel í bringu.

Förum varlega saman og verum öll í sama liði við að þróa góða umferðarsíði og fögnum fjölbreytileikanum. Þar ættu reynsluboltarnir af landsbyggðinni að geta lagt sitt af mörkum, enda ýmsu vanir þegar kemur að fjölbreytni í ferðamáta. ■

Ólíkt því sem unnt er að segja um önnur hverfi borgarinnar hafa íbúar og daglegir vegfarendur miðborgarinnar raunverulegt val um samgöngumáta.

Halldór



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Enn ein könnunin

Á síðasta fundi stjórnar KSÍ tilkynnti formaðurinn, Guðni Bergsson, að næsta skref í átt að nýjum þjóðarleikvangi yrði framkvæmd markaðskönnun. Telja sérfræðingar að þetta sé 83. könnunin um verkefnið og á þá eftir að telja aðrar greiningar og áætlanir sem hafa verið gerðar síðan Geir Þorsteinsson, þáverandi formaður, tilkynnti á blaðamannafundi 2016 að draumurinn væri yfirbyggður völlum. Þrátt fyrir mikla baktjaldavinnu er ekki að sjá að nýr völlum sé í kortunum í nánustu framtíð. Enda sagði fjármálaráðherra í fjárlögum að þjóðarleikvangurinn væri kominn svo stutt á veg að ekki væri hægt að setja krónu í það verkefni.

Kópavogur vill ekki í Evrópu

Þrátt fyrir fallegan fótbolta og fallegan völlum er heimavöllur Breiðabliks ólöglegur í Evrópukeppninni og því þurfa Blikar og Kópavogsbúar að flykkjast á téðan Laugarðalsvöll. „Það er sorglegt að Kópavogsbær geti ekki staðið þannig að málum að hægt sé að spila svona leiki í bæjarfélaginu heldur þurfi að fara í annað sveitarfélag með leikinn,“ sagði þjálfarinn Óskar Hrafn í samtali við fótbolta.net. Blikar hafa þegar tryggt sér 125 milljónir fyrir árangur sinn í Evrópu og spurning hvort félagið noti peninginn frá Evrópu til að kveikja flóðljósin sjálft í stað þess að biða eftir bænum. ■

Heilt eða hálf atkvæði?



Þórunn Sveinbjarnardóttir
oddviti Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Með einfaldri lagabreytingu hefði verið hægt að leiðrétta misvægi atkvæða á milli kjördæma fyrir alþingiskosningarnar í haust, þannig að þingmannafjöldi endurspeglir betur fylgi stjórnmalaflokka. Guðmundur Andri Thorsson flutti ásamt Birni Leví Gunnarssyni Pírata og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur Viðreisn um það breytingartillögu við afgreiðslu frumvarps um kosningalög í október 2020. Meirihluti Vinstri grænna, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks kaus að fella tillöguna með liðsstyrk Miðflokksins.

Ójafnt vægi atkvæða er byggt inn í íslenska kosningakerfið þótt þróunin hafi góðu heilli verið í rétta átt. Það er misvægi á milli kjördæma og síðastliðinn áratug einnig á milli flokka. Árið 1999 voru fjórum sinnum fleiri atkvæði á bak við hvern þingmann í Reykjaneskjördæmi en í Vestfjarðakjördæmi. Nú er munurinn á milli Suðvesturkjördæmis og Norðvesturkjördæmis „bara“ tveir á móti einum.

„Það er augljóst að kerfið ræður ekki við það að jafna eftir flokkum þannig að flokkarnir fái þingmenn í samræmi við fylgi sitt í landinu. Það hefur reyndar verið ljóst í mörg ár að þetta getur gerst. Þetta gerðist í rauninni í kosningunum 2013, 2016 og 2017,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, í viðtali við RÚV. Hann bendir á að ýmist hafi Framsóknarflokkurinn eða Sjálfstæðisflokkurinn fengið einu þingsæti fleira en atkvæðahlutfallið sagði til um.

Stefna Samfylkingarinnar er og hefur alltaf verið að vægi atkvæði eigi að vera jafnt. Einfaldasta leiðin til að leysa það er að gera landið að einu kjördæmi. Mér er ljóst að mörgum þætti það of stór biti að kyngja að fækka úr sex kjördæmum í eitt en jafn ljóst er að kjósendur og stjórnmalaflokkar geta ekki búið við þetta misrétti til framtíðar. Í tillögum stjórnlagaráðs er kveðið á um jafnt vægi atkvæða en einnig aðra kjördæmaskipan en nú er. Ef til vill er tími kominn til að endurskoða kjördæmaskipan frá grunni. ■

Stefna Samfylkingarinnar er og hefur alltaf verið að vægi atkvæða eigi að vera jafnt.

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Sýnileg og frjáls



Þorbjörg Þorvaldsdóttir
formaður
Samtakanna '78.

Í gær voru Hinsegin dagar í Reykjavík settir með pomp og prakt. Hinsegin dagar eru frelsishátíð sem einnast fyrst og fremst af auknum sýnileika hinsegin fólks. Næstu dagana tökum við sem erum hluti þessa fjölbreytta samfélags pláss í almannarýminu, á okkar forsendum. Það hefur enda sýnt sig í gegnum árin að sýnileiki er eitt mikilvægasta tækið sem við höfum til þess að sporna við fordómum og hatrí í okkar garð. Raunar mætti segja að Hinsegin dagar hafi sjaldan verið eins mikilvægir, enda var lítið um hátíðarhöld í fyrra og hátíðin verður líka minni í sniðum í ár en oft áður vegna aðstæðna.

Við erum öll mismunandi á okkar hátt. Hinsegin fólk er þar engin undantekning, enda erum við alls konar og reyndar mjög ólík innbyrðis. Við erum á öllum aldri, af öllum kynjum, í öllum stéttum og svona mætti lengi telja. Þó má segja að hinsegin fólk eigi það sameiginlegt að við brjótum upp niðurnjörvaðar hugmyndir um kyn: kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu. Aldrei hefur meiri margbreytileika verið að finna innan hinsegin samfélagsins á Íslandi og ljóst er að það má þakka einmitt sýnileikanum: aðgengi að upplýsingum og auknum fjölda fyrirmynda.



Samtökin '78 eru stolt af þeim árangri sem náðst hefur í réttindabaráttu hinsegin fólks síðastliðin 43 ár og við erum vongóð um að á Íslandi verði áfram samfélag framfara og frelsis.

Með sýnileika hinsegin fólks, líkt og þeim sem verður til á Hinsegin dögum, búum við nefnilega til fyrirmyndir. Þær eru mikilvægar vegna þess að þær geta aukið skilning og velvild meirihlutasamfélagsins og þær eru mikilvægar vegna þess að þær geta reynst fólki sem er að fóta sig í hinsegin kynverund sinni lífsnaðsynlegar.

Það er ekki sjálfgefið að fólk sé tilbúið til þess að stíga skrefið af stolti og láta sín sérkenni sjást í samfélaginu okkar, óhrædd og hinsegin. Ef verða á til jarðvegur á Íslandi þar sem öll blóm fá sannarlega að blómstra þarf að búa til pláss. Sýnileiki þeirra sem á undan koma skiptir þar sérstaklega miklu máli, því með hverri manneskju sem sýnir hugrekki til þess að vera sú sem hún er myndast rými fyrir þá næstu til að blómstra. Fólk sem sýnir hinsegin réttindum og tilveru stuðning getur líka tekið þátt í að skapa og viðhalda þessu rými, þessu frelsi.

Við sem erum hinsegin þurfum bandamenn sem eru tilbúnir til þess að standa með okkur þegar á reynir.

Við þurfum í sameiningu að standa vörð um sýnileikann. Á Hinsegin dögum mun öllum gefast tækifæri til að fræða sig um hinsegin fólk og þau málefni sem brenna á samfélagi okkar. Nú er því kjörið að leggja sig fram við að kynnast sjónarhornum sem maður hefði ef til vill ekki annars komist í tæri við og styðja opinberlega við hinsegin fólk.

Ég hvet þess vegna öll þau sem

tilheyra meirihlutasamfélaginu til að taka afstöðu með fjölbreytileika mannlífsins. Gerið ykkur sýnileg sem bandamenn. Takið afstöðu með frelsi okkar hinsegin fólks til að lifa lífinu nákvæmlega eins og við erum, þar sem við fáum tækifæri til að vera stolt af sérkennum okkar. Virðing fyrir og samstaða með hinsegin fólki krefst þess ekki að maður skilji öll smáatriði. Það eina sem þarf

er velvild og hugrekki til að standa með jadarsettum hópum, líka þegar það er erfitt. Við verðum öll saman að hafna málflutningi sem elur á fordómum og sem stuðlar að sundrunu. Munum alltaf að við erum öll fyrst og fremst manneskjur.

Samtökin '78 eru stolt af þeim árangri sem náðst hefur í réttindabaráttu hinsegin fólks síðastliðin 43 ár og við erum vongóð um að

á Íslandi verði áfram samfélag framfara og frelsis. Hinsegin dagar í Reykjavík eru einn mikilvægasti hlekkurinn í því að viðhalda og þoka áfram réttindum hinsegin fólks á Íslandi, með sýnileikann og gleðina að vopni. Ég óska stjórn Hinsegin daga innilega til hamingju með vikuna og óska um leið öllum Íslendingum gleðilegra hinsegin daga. ■

BORGGAÐU MEÐ

SÍMANUM

ALLAN

HRINGINN

Apple Pay

G Pay

Nú getur þú greitt með símanum við dæluna á öllum Orkustöðvum, hringinn í kringum landið. Einfalt og snjallt, þannig viljum við á Orkunni hafa hlutina.

Orkan — Ódýrt fyrir alla

Ægivald einstakra ríkja, líka smárikja, í ESB



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur
kaupsýslumaður
og stjórnmálaráðgjafi.

Eftir að Evrópa hafði í tveimur Evrópu- og heimsstyrjöldum, fyrst 1914-1918 og svo 1939-1945, nánast tortímt sjálfri sér og þegnum sínum, sáu valdhafar upp úr 1950, fyrst einkum í Þýskalandi og Frakklandi, sem reyndar höfðu farið fyrir átökunum og stríðsrekstrinum, að slíkar ófriður, slík eyðilegging og slíkar heimatilbúnar hörmungar mættu aldrei ganga yfir álfuna og þjóðir hennar aftur.

Í framhaldi af því var grunnurinn að nýrri Evrópu – Evrópu skilnings, vináttu, samvinnu, samstöðu og friðar, ekki ágreinings og átaka – lagður í formi þess, sem varð Evrópusambandið, ESB.

Tvö stórmenn þessa tíma, þjóðverjinn Konrad Adenauer og Frakkinn Charles de Gaulle, komu framan af sterkega inn í mótun þessa nýja ríkjasambands og má telja þá til fedra ESB.

Í lýðræðisríkjum hafði það sjónarmið lengi gilt, og gildir það víða eða víðast enn, í samskiptum manna og ríkja, að meirihlutinn skyldi ráða.

Fedur ESB skildu, að slíkt kerfi mætti ekki og gæti ekki gilt, ef ná ætti þjóðríkjum Evrópu saman, stórum sem smáum, í eina samstæða heild; í eina fjölskyldu.

Ef meirihluti ætti að ráða, hvort sem farið væri eftir fjölskyldu ríkja eða stærð og valdi ríkja á sviði efnahagsmála og framlaga, myndi alltaf verða til minnihluta, sem sætti þá yfirvaldi meirihlutans og yrði að una valkostum, sem hentaði ekki eða hann gæti illa sætt sig við.

„Fedurnir“ skildu, að slíkt kerfi, um meirihluta og minnihluta, myndi kljúfa fylkingu þjóðríkjanna, ekki sameina hana og samstillta.



Þess vegna var farið í það valda-kerfi með sambandið, að öll stefnumörkun, öll stærri mál og allir stærri samningar, innan ESB og gagnvart utanaðkomandi aðilum og ríkjum, yrðu að vera samþykktir af öllum ríkjum í sambandinu, til að öðlast gildi.

Þetta er einstakt í mannkynssögunni og í raun hæsta stig trúnaðar milli þjóða, jafnréttis og lýðræðis, sem hægt er að hugsa sér.

Framan af sætti þetta fyrirkomulag mikilli gagnrýni, menn töldu að þetta hæsta stig lýðræðis gæti aldrei virkað í reynd, að sambandið yrði óstarfhæft, þar sem aðeins eitt aðildarríki, lítið eða stórt, gæti stoppað alla uppbyggingu og framþróun.

Það mætti líkja þessu við það, að allir þingmennirnir hér, 63 að tölu, yrðu að samþykka hvert og eitt lagafrumvarp, án undantekninga, til þess að það gæti orðið að lögum. Menn geta væntanlega séð það fyrir sér, hvornig það myndi ganga.

En, fedur ESB gáfu sig ekki, þeir sögðu að þetta væri eina leiðin,



Dæmi nú hver fyrir sig um réttmæti þessara gifuryrtu fullyrðinga, hræðsluáróðurs og sleggjudóma.

og tíminn hefur leitt í ljós, að þeir höfðu rétt fyrir sér.

Í dag eru 27 ríki í ESB. Hvert þeirra, hvort sem þau eru lítil eða stór, hafa einn ráðherra, í framkvæmdastjórn ESB, og hvert þeirra hefur neitunarvald. Til þess að eitt-hvert nýtt stefnumál, stærri ákvörðun eða meiriháttar samningur við önnur ríki nái fram að ganga og taki gildi, verða öll ríkin 27 að samþykka.

Þetta er algjörlega einstakt hástígt lýðræðis, en það er að virka, reyndar betur og betur. Forsendan er gagnkvæmur skilningur milli ríkjanna, þar sem menn verða að setja sig vel inn í stöðu annarra, samherjanna, og svo málamiðlanir, meðalhóf og sanngirni.

Til að taka dæmi, má nefna, að samninganefnd ESB var í 7 ár að semja við Kanada um fríverzlun. Nú þurftu ekki aðeins ríkisstjórnir sambandsríkjanna heldur líka þjóðþing þeirra, þá 28 (fyrir Brexit), og svo Evrópuþingið, að samþykka samninginn til að hann tæki gildi.

En, hvað gerðist? Þjóðþing þjóðarbrotisins Vallóna í Belgíu taldi samninginn ekki tryggja sína hagsmuni nægjanlega, og það tók marga mánuði, að endursema og breyta samningnum til að fá Vallóna góða, þannig, að viðskiptasamningurinn gæti tekið gildi.

Nefna má annað nýlegt dæmi, þar sem stóru ríkin, Þýskaland og Frakkland, vildu veita verulegum hluta af nýjum COVID-þjörgunarsjóði ESB til Ítalíu og Spánar, sem

verst fóru út úr plágunni, án endurgjalds; í formi óendurkræfra uppbyggingarstyrkja. Auðvitað stóðu Ítalir og Spánverjar með þeim, og þar með allar 4 stærstu þjóðirnar í ESB. En hvað gerðist?

Smárikinn Austurríki, Holland, Danmörk og Finnland, sem kölluð voru „ríki ráðeildar“, settu sig upp á móti þessum miklu óendurkræfu styrkjum og settu sig í gegn með sín sjónarmið. Ekki á grundvelli fjölmennis eða styrks þjóðanna, heldur á grundvelli skynsemi, meðalhófs og raka.

Á bak við þetta vald standa svo þingmenn Evrópuþingsins, á átunda hundrad þjóðkjörinna fulltrúa allra aðildarríkjanna, sem síðan verða að samþykka niðurstöður og gjörðir.

Framkvæmdastjórnin í Brussel, nú 27 ráðherrar eða kommissarar, hafa ekkert eigið ákvörðunarvald, bara vald til að koma með tillögur og framkvæma vilja aðildarríkjanna 27 og Evrópuþingsins.

Hér á Íslandi vaða nokkrir menn, undarlegt nokk, uppi, bæði áhrifamenn (DO) og þeir, sem eru það ekki, en vilja vera það, en verða það sennilega seint (AÞ), og fullyrða, að aðild Íslands að ESB „væri fullveldisframsal til yfirþjóðlegs embættismaðnaðs og stofnana-veldis í fjarlægjum borgum“ (AÞ), og, að ESB sé „martráðarkennt möppudýravelði“ (DO), „ólýðræðisleg valdasamþjöppun“ (AÞ), „vígi verndarstefnu og pilsfalda-kapítalisma“ (DO), og, að „Stærstu ríkin, sem leggja fram mest fjármagn, verða ráðandi í öllum meginatriðum“ (AÞ), o.s.frv.

Dæmi nú hver fyrir sig um réttmæti þessara gifuryrtu fullyrðinga, hræðsluáróðurs og sleggjudóma.

Einstein notaði stundum orðið „geðveiki“, þegar honum misbauð þekkingarskortur, skilningsleysi eða lítið ígrunduð sjálfumgleði manna. Kannske hefði hann notað það um þessa afstöðu og þessar fullyrðingar, ef hann hefði verið með okkur hér og nú. ■

Leggjum okkar af mörkum á alþjóðavettvangi



Magnús Árni Skjöld
alþjóðastjórnmálafræðingur og skipar 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík norður.

Covid-19 faraldurinn sýnir okkur hversu hnattvæddur heimurinn er orðinn. Hann hefur einnig sýnt okkur fram á það, hvað sú alþjóðlega samvinna sem komið hefur verið á fót til að takast á við hnatt-rænar áskoranir á borð við þennan faraldur, er brothætt. Íhaldsöfl hvarvetna hafa nýtt þetta tækifæri til að vega að alþjóðlegri samvinnu, loka landamærum og herða tök sín á borgurumunum. Því er mikilvægara nú en um áratugaskeið að alþjóðasinnar láti til sín taka og standi vörð um það sem hefur áunnist frá lokum síðari heimsstyrjaldar í þessum efnunum.

Lykillinn að farsæld Íslendinga felst í nánnum samskiptum við aðrar þjóðir, ekki sist innan Evrópu. EES-samningurinn er grundvallaratriði í því samhengi. Hann tekur þó ekki til mikilvægra sviða, svo sem landbúnaðar og byggðamála, gefur ekki færi á upptöku evru og setur EFTA-ríkin í stöðu þiggjenda í Evrópusamstarfinu í stað þess að vera jafngildur og burðugur aðili að sameiginlegum ákvörðunum. Í því skyni að taka mögulegt skref fram á við í þessu samstarfi Evrópuþjóða, er brýnt að

kanna hug þjóðarinnar um að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið á nýjan leik.

Ýmis úrlausnarefni nútímans verða ekki leyst nema á alþjóðavettvangi. Loftslagsváin er augljóst dæmi. Mikilvægt er að Ísland taki frumkvæði í þeim málaflokki á alþjóðavísu, þar eð við getum, sökum þekkingar okkar á sjálfbærri orkuframleiðslu og lífríki hafsins, verið leiðandi á þeim vettvangi alþjóðlega og verið fyrirmynd fyrir aðra sem vilja feta þann veg.

Framtíð mannkyns byggist á opnum og fordómalausum alþjóðasamskiptum. Þess vegna er mikilvægt að Ísland, sem býr við svo mikil forrættindi í alþjóðlegu samhengi, vinni að jöfnuði og mannréttindamálum á alþjóðlegum vettvangi og sé ávallt málsvari friðar, mannúðar, jafnréttis og lýðræðis. Sem aðili að Evrópusambandinu myndi Ísland margfalda slagkraft sinn í þessum efnunum.

Ísland á að beita rödd sinni gegn mannréttindabrotum og taka forystu í alþjóðlegri baráttu gegn fordómum, öfgum og mismunum. Við eignum að styðja við réttindabaráttu viðkvæmra hópa á alþjóðavísu.

Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu. Íslendingum ber að leggja ríkulega af mörkum til að taka þátt í því alþjóðlega verkefni að draga úr hungri, fátækt, barnadaða og félagslegu ranglæti og stuðla að friði. Samfylkingin leggur áherslu á að fram-



lög Íslands til þróunarsamvinnu nái viðmiðum SP um 0,7% af vergum þjóðartekjum á næsta kjörtímabili og vill stefna að því að í lok þess verði það sambærilegt við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum.

Samfylkingin lítur á menntun, jafnréttismál, málefni barna og viðkvæmra hópa og heilbrigðismál sem mikilvægan þátt þróunarsamvinnu. Leggja þarf sérstaka áherslu á að efla konur til menntunar, atvinnu og



Ísland á að beita rödd sinni gegn mannréttindabrotum og taka forystu í alþjóðlegri baráttu gegn fordómum, öfgum og mismunum.

sjálfstæðis um allan heim. Forgangsröðun vinnu og fjármagns þarf að beita í þágu baráttu gegn fátækt og mansali ásamt auknum mannréttindum barna, kvenna og hinsegin fólks.

Samfylkingin telur að Ísland hafi mikilvægu hlutverki að gegna á alþjóðavettvangi. Við leggjum áherslu á að beita okkur með ofangreindum hætti á næsta kjörtímabili. ■

Á þingmannsbuxum



Hannes Pétursson
rithöfundur.

Arnar Þór Jónsson héraðsdómari hefur að eigin sögn ríkan hug á að ná kjöri til Alþingis og skipar nú 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi. Í von um að fá kjösendur til fylgis við sig hefur hann upp á síðkastið skrifað blaðagreinir án afláts handa „Norður-Kóreumönnum“ í Sjálfstæðisflokki og fleiri stjórnmalahreyfingum.

Gildur þráður í blaðagreinum héraðsdómarans er þessi: fullveldi Íslands stafar háski af Evrópusambandinu; öðru máli gegnir um Atlantshafsbandalagið, því „NATO eru ekki samtök með yfirþjóðlegu valdi eins og ESB“, segir hann í Fréttablaðinu 21. júlí síðastliðinn og endurtekur þau orð í Morgunblaðs-grein 27. sama mánaðar. Manni skilst að „yfirþjóðlegt vald“ Evrópusambandsins jafngildi einna helst rómversku keisaravaldi í nútíðar-búningi.

Ég var svo barnalegur að ímynda mér að lögfræðingar vissu manna bezt að í ESB er ekki til „yfirþjóðlegt vald“. Hvar væri þess að leita? „Í framkvæmdastjórninni í Brussel“, myndi einhver segja. Ónei, framkvæmdastjórnin fer einungis með umboðsvald sem fullvalda ríki hafa fengið henni í hendur samkvæmt sáttmála sín í milli. Ríki Evrópusambandsins hafa ekki afsalað sér neinu af fullveldi sínu til framkvæmdastjórnarinnar, heldur framselt ákveðna þætti þess af fúsum og frjálsum vilja í þágu sameiginlegra hagsmuna og geta afturkallað framsalið hvenær sem er með útgöngu úr sambandinu.

Brexit-fáfræðingar tóngluðust og tónglast enn á því hve Evrópusambandið sé ólýðræðislegt, þar sé enginn maður kjörinn lýðræðislega til nokkurs hlutar. Þeir hafa ekki minnstu hugmynd um löggjafarþing hvers ESB-lands um sig og halda að framkvæmdastjórnin í Brussel sé ríkisstjórn! En framkvæmdastjórnin er ekki ríkisstjórn, enda er ESB ekki ríki. Í tilteknum úrskurði þýzka stjórnlagadómstólsins sökum málaþrætu segir: ESB er ríkjasamband („Staatenbund“), ekki sambandsríki („Bundesstaat“, eins og t.d. Þýzka-land).

Framkvæmdastjórn ESB er nákvæmlega það sem felst í alþjóðlegu heiti hennar: commission, þ.e.



”
Ríki Evrópusambandsins hafa ekki afsalað sér neinu af fullveldi sínu til framkvæmdastjórnarinnar, heldur framselt ákveðna þætti þess af fúsum og frjálsum vilja í þágu sameiginlegra hagsmuna og geta afturkallað framsalið hvenær sem er með útgöngu úr sambandinu.

umboðsstjórn. Ekki er til þess vitað að umboðsstjórnir séu kjörnar beint í lýðræðislegum kosningum. Og hví skyldi slíkt eiga við um framkvæmdastjórn ESB? Hver þjóð innan sambandsins kys til löggjafarþings í sínu landi á lýðræðislegan hátt og með pólitískt úrskurðarvald í sambandinu fer ráðherraráð, skipað æðstu oddvitum aðildarríkja samkvæmt niðurstöðu þeirra kosninga hverju sinni; og sérhver þeirra hefur neitunarvald.

Lýðveldið Frakkland er í Evrópusambandinu eins og menn vita. Fáar þjóðir hafa styrkt betur en Frakkar hina lýðræðislegu stjórnskipan í heiminum. Þeir hrundu af höndum sér konungsvaldinu í blóðugri byltinu og hófu á loft gunnfána frelsis, jafnréttis og bræðralags, sigurtákn nýrra tíma, oft litilsvirt síðar, því miður. Ætla mátti að sú þjóð sem ruddi lýðræði braut kysi ekki að búa við „yfirþjóðlegt vald“ Evrópusambandsins. En viti menn, hún er hvergi smeyk við það, sbr. grein 88.1 í frönsku stjórnarskránni, enda heimskulegt að óttast vald sem er tómur hugarburður.

Sé aftur á móti svo komið að EES-samstarfið brjóti í bága við stjórnarskrá Íslands að óbreyttu, mátti svo að orði kveða að Ísland lyti „yfirþjóðlegu valdi“ að því leyti sem til EES-samningsins tekur. Ástæðan lægi þá í eðli samningsins, ekki í hinu: að innan Evrópusambandsins sjálfs sé við lýði „yfirþjóðlegt vald“.

Út úr þessari klemmu lægju tvær leiðir: að Íslendingar segðu EES-samningnum upp eða gengju til fulls í ESB. Hið „yfirþjóðlega vald“, sprottið af EES-samningnum, yrði að engu, hvor leiðin sem farin væri. Vonandi krefst Arnar Þór Jónsson þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mikilvæga álitafni, því hann kveðst í áður nefndri Morgunblaðs-grein „standa vörð um rétt okkar til að fá að hugsa“. ■



Framlínufólkið í ferðabjónustunni



Friðrik Rafnsson
formaður
Leiðsagnar-
stéttarfélags
leiðsögumanna.

”
Endurreisn ferðabjónustunnar er lykillinn að uppbyggingu efnahagslífsins út um allt land.

Það er að mörgu leyti táknrænt að leiðsögumaður skuli ævinlega leiða hóp ferðamanna jafnt í þéttbýli sem á fjöllum, sitja fremst í rútum, undir stýri í ökuleiðsögn. Leiðsögumaðurinn er ábyrgur fyrir framkvæmd ferðar eins og hún var seld farþegum, velferð þeirra og öryggi í samvinnu við bílstjóra ef svo ber undir. Í stuttu máli, þá heldur leiðsögumaðurinn einatt um alla þræði ferðarinnar og sér um að allt gangi smurt og að farþegar geti notið landsins okkar góða öruggir og áhyggjulausir.

Það ríkti mikil gleði og tilhlökkun meðal leiðsögumanna þegar ferðamenn gátu aftur farið að streyma til landsins fyrir í sumar, en þá hafði ferðabjónustan sem kunnugt er verið algerlega lömuð í hálf tann á vegna Covid-19. Leiðsögumenn voru svolítið eins og kálfar að vori, rétt eins og farþegarnir, og fögnuðu því mjög að geta aftur farið að vinna og fræða erlendu gestina um íslenska náttúru, sögu og menningu.

Brátt fyrir frábæran árangur í sóttvörnum og bólusetningu hvíldi samt skuggi veirunnar yfir öllum sem umgengust okkar erlendu gesti og gerir það nú sem aldrei fyrr þegar hún virðist enn og aftur komin í veldisvöxt. Ég leyfi mér að fullyrða að langflest ferðabjónustufyrirtæki gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir smit farþega og starfsmanna, spritta,

nota grímur, hólmaskipta og uppfræða ferðafólkið. Það breytir því ekki að leiðsögumenn eru eðli starfsins samkvæmt í langmestu og nánustu samskiptunum við okkar erlendu gesti og eiga þar af leiðandi stöðugt á hættu að smitast. Við það bætist að ráðningarsamband leiðsögumanna og ferðabjónustufyrirtækja er stundum ekki nógu skýrt og veikindaréttur óljós og ég veit dæmi þess að þaulvanir leiðsögumenn hafi afþakkað verkefni af þessum ástæðum. Kæruleysi eða reddingur við núverandi aðstæður er ekki boðlegt.

Endurreisn ferðabjónustunnar er lykillinn að uppbyggingu efnahagslífsins úti um allt land. Við þurfum að gera það faglega en varlega, annars slær í bakseglin. Við höfum mörg tromp á hendi, öryggi, náttúrufegurð, sífellt betri innviði og vel menntað fagfólk. Takist öllum sem í ferðabjónustunni starfa að spila vel og skynsamlega úr þessari viðkvæmu stöðu verður framtíð ferðabjónustunnar björt og góð. Ég leyfi mér fyrir hönd íslenskra leiðsögumanna að lofa því að við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að svo megi verða. ■

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur út þriðjudaginn
10. ágúst næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Njáll Gunnlaugsson.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir :
Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103 / ruth@frettabladid.is



Mega ekki spila á Kópavogsvelli

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Breiðablik þarf að spila heimaleik sinn við skoska liðið Aberdeen á Laugardalsvelli þar sem Kópavogsvöllur uppfyllir ekki skilyrði UEFA. Völlurinn þarf að hafa flóðljós og betri aðstöðu til þess að teljast boðlegur fyrir þriðju umferð forkeppni Sambandsdeildarinnar.

Óskar Hrafn Þorvaldsson, þjálfari Breiðabliks, er ósáttur við þetta og í samtali við fotbolti.net sagði hann það „sorglegt“ að flytja þyrfti leikinn yfir í annað sveitarfélag.

Breiðablik sigraði Racing frá Lúxemborg í fyrstu umferðinni og Austria Vín frá Austurríki í annarri. Leikurinn á Laugardalsvelli verður á morgun, fimmtudaginn 5. ágúst, og viku síðar verður spilað í Skotlandi. ■



Kane er í mikilli fylu út í Tottenham.

Ólíklegt að Kane spili í kvöld

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Harry Kane, framherji hjá Tottenham, skrúpaði aðra æfinguna í röð í gær og mætti heldur ekki í Covid-19 skimun sem félagið hafði skipulagt fyrir leikmenn. Samkvæmt breskum blöðum mun Kane ekki mæta á æfingar liðsins í vikunni en hyggst snúa aftur um helgina. Þetta geri hann til þess að sýna fram á óánægju sína, en vitað er að Kane vill fara frá félaginu í sumar. Helst til Manchester City.

Tottenham spilar æfingarleik við Chelsea í kvöld. Ólíklegt er að Kane verði á leikmannalistanum þegar flautað verður til leiks.

Kane er nýjörðinn 28 ára og þrátt fyrir að hafa skorað 166 mörk í 242 leikjum fyrir Tottenham hefur hann ennþá ekki unnið titil.

Helsta fyrirstaða þess að Kane fái að fara til Manchester er verðmiðinn. Tottenham vilja fá 160 milljónir punda fyrir Kane en Manchester City vill ekki fara svo hátt. ■



Margir biða með að koma út úr skápnum þar til íþróttiferlinum lýkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Íslenska íþróttahreyfingin eftirbátur í málefnum samkynhneigðs fólks

Fyrirverandi Ólympíufari hefur reynt að vekja athygli á málefnum samkynhneigðra í íslenskum íþróttum. Hér viti þjálfarar ekki hvernig eigi að bregðast við þegar ungmenni koma út úr skápnum og flestir biði með það uns íþróttiferlinum lýkur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR Ingi Þór Jónsson, fyrirverandi Ólympíufari í sundi, segir algera stöðnun ríkja í málefnum samkynhneigðra í íþróttum á Íslandi og landið sé áratugum á eftir nágrannalöndum eins og Bretlandi og Danmörku.

Hann hefur reynt að vekja athygli á málefnum hjá íþróttahreyfingunni og menntamálaráðuneytinu en er ekki bjartsýnn á að árangur náist í brád. Hefur hann meðal annars bent á að skikka ætti íþróttafélögin til að hafa trúnaðarmann, menntaðan í uppeldisfræði og sálfræði, sem börn og unglingar geti leitað til.

„Íþróttahreyfingin hefur verið eins og kirkjan hvað varðar málefni samkynhneigðra. Það hefur verið

mikið rætt um þetta í tengslum við Ólympíuleikana, hvað við erum langt á eftir,“ segir Ingi sem synti fyrir Íslands hönd árið 1984, á leikunum í Los Angeles. Hann kom út úr skápnum eftir að íþróttiferlinum lauk og segir það örlög flestra samkynhneigðra íþróttamanna.

„Langflestir samkynhneigðir í íþróttum hætta þegar þeir eru komnir á ákveðinn aldur,“ segir Ingi. Samkynhneigðir hafi þörf fyrir íþróttalíf eins og aðrir og komi þá seinna út úr skápnum en aðrir. Þeir finni hvorki fyrir öryggi né stuðningi innan íþróttanna.

„Það er í lagi að vera hommi, en vertu ekkert að tala um það,“ segir Ingi um þá þöggun sem viðgengst. Þetta sé sterkast í hópíþróttunum karlamegin, hin svokallaða búningsklefamenning. „Þeim sem hafa komið út úr skápnum er sagt að það skipti engu máli hvað þeir geri utan æfinga. En hér séu þeir ekki hommar.“

Ingi bjó lengi í Bretlandi og kom meðal annars að skipulagningu rúmlega þúsund manna íþróttamóts samkynhneigðra þar í landi. Árið 2005 kom hann til Íslands til að kynna sér málefni samkynhneigðra



Börn og unglingar þurfa að vita að til sé fólk sem þau geti leitað til varðandi hvað sem er.



Ingi Þór Jónsson, fyrirverandi Ólympíukeppandi í sundi.

„Það virðist ekki vera neinn vilji til að breyta þessu. Allir eru að starfa í sínu öryggi og í þessu öryggi er ekki pláss fyrir neitt sem er öðruvísi.“

Bendir hann meðal annars á að í Bretlandi sé sérstök regnbogahreyfing innan íþróttanna. Þar er samkynhneigð kynnt fyrir börnum og þau látin vita að hún sé sjálfsagður hlutur. Danir séu einnig komnir langt í þessum málaflökki. Hér á landi sé hins vegar þagað um þessa hluti. Meðal annars viti þjálfararnir hér ekki hvernig eigi að bregðast við og styðja ungmenni sem koma út úr skápnum.

Þá skorti einnig trúnaðarmenn sem hægt sé að leita til. Ekki aðeins varðandi samkynhneigð, heldur einnig vandamál á heimili og ýmislegt sem getur komið upp. „Börn og unglingar þurfa að vita að til sé fólk sem þau geti leitað til varðandi hvað sem er,“ segir Ingi.

Ingi fylgist grannt með íþróttum, meðal annars Ólympíuleikunum og ekki síst sundinu. Aðspurður segist hann ekki hafa trú á að staða samkynhneigðra innan íþróttanna hér á landi lagist í brád. „Það þarf nýtt fólk í stjórnunarstöðum sem þorir að taka á þessum málum,“ segir hann. ■

í íþróttum og segir hann lítið hafa breyst síðan þá. Hefur hann meðal annars sent ráðherra tillögur sínar en ekki fengið svör.

„Við erum á svipuðum stað og Bretar voru árið 1990,“ segir Ingi.

Mikið veðjað á fjórðu deildina

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÓTBOLTI Heildarvelta veðmála-fyrirtækisins Coolbet Íslands í íslenska fótboltanum frá maí fram í júlí var tæpar 386 milljónir króna. Vinsælast var að veðja á leiki í Pepsi Max-deild karla, alls tæpum 118 milljónum króna. Þar á eftir kom 4. deild karla með rúmar 76 milljónir.

Mun meira var veðjað á leiki í 4. deildinni en þeirri 1., þar sem aðeins var veðjað 58 milljónum. Veltan á 2. deildinni var rúmar 33 milljónir og rúmar 23 á þeirri 3.

Á Pepsi Max-deild kvenna var veðjað rúmunum 29 milljónum króna og 16,5 milljónum á 1. deildina. Fjárhættuspilarar höfðu minni trú á bikarleikjunum er þar var veltan 22,5 milljónir króna hjá körlum og 16,5 milljónir hjá konum.



Leikur Skagarmanna og Vals var sá vinsælasti hjá fjárhættuspilurum í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Veltan á 4. deildinni var rúmlega þreföld þeirrar 3.

Samkvæmt Coolbet var vinsælasti leikurinn til að veðja á í Pepsi Max-deild karla leikur ÍA gegn Val og Breiðabliks gegn Keflavík í kvennadeildinni. Vinsælasti leikurinn í 4. deild karla var Léttrir í Reykjavík gegn Hvíta Riddaranum frá Mosfellsbæ. ■



Ferskur fiskur og fiskréttir, lax á grillið og humarsúpan í hádegjunu.

Sjávarhornið - fiskverslun, Bergstaðarstræti 14

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 4. ágúst 2021



Simon Cowell hefur ekki í hyggju að halda áfram með X-Factor þættina.

X-Factor hættir

elin@frettabladid.is

Simon Cowell sem hefur stjórnað þættinum X-Factor í Bretlandi í sautján ár segir að þættirnir verði ekki fleiri. Í þáttunum er keppt í hæfileikakeppni en áhorf hefur dalað mikið á síðustu árum. Fyrsti þátturinn fór í loftið í september 2004. Á blómatímanum náði þáttaröðin til 17,2 milljóna áhorfenda. Í síðustu seríunni sem sýnd var árið 2018 voru þeir hins vegar aðeins 3,7 milljónir og úrslitþátturinn fékk 5,3 milljónir.

Simon, sem er 61 árs, hefur nóg að gera og er að skipuleggja nýja þætti, Walk The Line, fyrir ITV-sjónvarpsstöðina sem einnig sýndi X-Factor en þeir hafa verið upphafið að góðu gengi nokkurra tónlistarmanna eins og One Direction, Little Mix og Leona Lewis. Undanfarið hafa ekki skilað neinum stórstjörnum en þættirnir voru ekki sýndir í fyrra vegna Covid.

Afkastamikill sjónvarpsmaður
Simon Cowell hefur einnig verið með þættina America's Got Talent og X-Factor US í Bandaríkjunum, Britain's Got Talent og American Idol. Simon hóf frægðarferil sinn árið 2001 sem dómari í þáttunum Pop Idol, sem Simon Fuller stjórnaði. The Daily Telegraph setti hann í sjötta sæti á lista yfir áhrifamesta fólk af 100 í breskum menningarheimi. Hann hefur hlotið nokkur virt verðlaun fyrir afrek sín í sjónvarpi og fékk stjórnina í Hollywood Walk of Fame. ■



Raphael Costes og Ylona Supèr rannsaka möguleika náttúrulegra íslenskra hráefna undir hönnunarnafninu innriinni ásamt Nataliu Kasprzycka.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Jarðsögulegur tími innan í leirflís

innriinni er eitt fjölmargra spennandi hönnunarverkefna sem eru í gangi á Íslandi í dag. Hópin skipta þau Ylona Supèr, Raphael Costes og Natalia Kasprzycka og vinnur hönnunarteymið að rannsókn sem snýr að notkun á íslenskum hráefnum í keramikhönnun. **2**



HEALING TREATMENT

Græðir brennda húð

www.tamarar.is

Raphael er vöruhönnuður og Ylona er með bakgrunn í myndlist og hefur starfað á vegum nokkurra evrópskra hönnunartværinga. „Við hittumst á Íslandi og tengdumst strax yfir sameiginlegum áhuga á hráefnarannsóknum. Natalia, sem er búsett í Bretlandi, bættist við teymið í fyrri en hún er myndlistarmaður og keramikhönnuður og hefur mikla tæknilega þekkingu í keramikinu,“ segir Ylona.

Á tilraunastigi

innriinnri hefur vakið athygli hér heima og á heimsvísu fyrir einstaklega fallegar og formfagar náttúrulegar leirflísar sem þríeykið framleiðir úr leir blönduðum íslensku basalti og eru glerjaðar með íslenskum kísli. „Verkefnið er enn á tilraunastigi en nú þegar hafa fyrirtæki haft samband við okkur og vilja fá að selja það sem við höfum verið að búa til. Eins og er erum við ekki tilbúin að fara í stóra framleiðslu strax en það kemur vonandi seinna,“ segir Ylona.

Hið innra

Nafnið innriinnri merkir „að innan“ eða „að innanverðu“ og vísar í hið innra og það sem hluturinn eða efnið stendur fyrir. „Í innriinnri rannsókum við það hvernig hlutur getur miðlað efnun í umhverfinu á mörkum eðlisvísinda, hönnunar og myndlistar. Við sækjum innblástur fyrir rannsóknir okkar og verkefni með því að vera í stöðugu samneyti við íslenska náttúru og í beinu samstarfi við vistkerfin sem skapa hana. Við köllum það að vera „site-respondent“ sem merkir að okkar starf er svar við staðsetningunni, það er Íslandi,“ segir Ylona.

Raphael nefnir í þessu samhengi að Ísland er eldfjallaeyja og um 90% af landinu eru úr basalti. „Ejyan breiðir úr sér með jarðfræðilegri virkni á tímaskala sem er algerlega fyrir utan skilning mannsins. Við fórum síðustu helgi upp að eldgosinu við Fagradalsfjall og frá því að gosið hófst í febrúar, hefur það nú þegar framleitt 109 rúmmetra af efni á svæði sem nær yfir 4,8 ferkílómetra og er stækandi. Með innriinnri skoðum við ýmsar aðferðir og tækni til að nota þennan stækandi hráfnisbrunn sem Ísland er, og framleiða nýstárlega hluti. Þannig eru við í samtali við tímaskala jarðfræðinnar, sem er svo ofurhægur að maðurinn nær ekki utan um hann,“ segir Raphael.

SiO₂, in V og in Form

Fyrsta verkefni innriinnri nefnist SiO₂ (efnaformúla kísils) og snerist um að gera rannsóknir á kísli og basalti, en það eru tvö efni sem finnast í miklu magni hér á landi. Basalt í grjótnu og svo kísill í uppsettum eins og Bláa lóninu og Myvatn. „Við bjuggum til stóran basaltskúlptúr og komum honum fyrir í rannsóknarstofu Bláa lónsins yfir tímabilið sem Hönnunar-Mars stóð yfir árið 2018. Efri hluti skúlptúrsins var slípaður á meðan neðri hlutinn sem snerti vatnið var haldið grófum. Á þeim tíma sem skúlptúrin sat í lóninu náði kísillinn að tengjast skúlptúrnum og mynda eins konar glerjung þar sem efni snertust. Við gerðum fullt af skissum og teikningum af útkomunni, rannsókuðum jarðfræði, náttúrulega uppbyggingu efnanna, liti, form og lögun. Þannig söfnuðum við gögnum til þess að skapa okkur fagurfræði sem kemur beint frá náttúrunni og virkni hennar,“ segir Ylona.

„Við höldum áfram með þessa hugmynd í verkefninu in V, sem var hluti af þúsund vasa sýningu á hönnunarvikunni í París 2018. Þá



Vinskapur Ylonu og Raphaels hófst þegar þau byrjuðu að vinna saman að innriinnri 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

settum við lítinn vasa úr basalti í lónið til lengri tíma. Að vinna á slíkan hátt með náttúruöflunum gefur okkur tækifæri til að mynda djúpt samband við tímann og hvernig hann virkar í náttúrulegum ferlum. Vasinn ber þannig skýrt merki um hina ofurhægu jarðeðlisfræðilegu virkni tímans. Vasinn er ílát fyrir blóm, og ef hann væri skilinn eftir í vatninu í hundrað ár, þá myndi hraungambri, sem er sérstök mósategund, setjast þar að og nema land fyrir enn frekari gróðurmyndun,“ segir Raphael.

„Í verkefninu in Form, sem við kynntum ári síðar á Hönnunar-Mars, skoðuðum við hvernig við gætum brætt og steipt basaltið. Þar sem þetta ferli þarfnast mjög öflugra véla þá rákumst við á nokkur tæknileg atriði sem urðu til þess að við þurftum að fresta þessum prófunum og vinna að því að stofna fleiri sambönd og sækja um styrki. Á þeim tíma sökkum við okkur enn dýpra í rannsóknir á möguleikum basalts og kísils,“ segir Ylona.

Leir úr íslensku hráefnum

Árið 2019 hlaut verkefnið rannsóknarstyrk frá Hönnunarmiðstöð til að halda áfram með steinefnarannsóknir. „Í þessu verkefni erum við að skoða möguleika á því að þróa leir úr basalti með því að blanda basalt með ýmsum gerðum af innfluttum leir. Einnig erum við að skoða leiðir til að búa til glerjung úr kísli af hverasvæðum, sem og úr öðrum steinefnum sem finnast á eyjunni,“ segir Ylona.

Í verkefninu er mismiklu basalti blandað saman við leirgerðir og svo er efnið formað í þríhyrningslaga flísar, sem eiga að tákna QAPF-línur sem jarðfræðingar nota til að greina steintegundir, (QAPF stendur fyrir kvars, alkálí feldspat, plagióklas og feldspatthoid). „Þessar mismunandi leirgerðir gefa okkur ólíka liti og áhugaverða áferð eftir því hvernig leirinn er bakaður,“ segir Ylona.

Nýta náttúruleg hráefni úr nærumhverfinu

Að sögn Ylonu sýna rannsóknir þeirra fram á áhugaverðar niðurstöður og eru þau spennt að halda áfram að prófa sig áfram með verkefnið. „Núna erum við að prófa að

”**Mismunandi leirgerðir gefa okkur ólíka liti og áhugaverðar áferðir eftir því hvernig leirinn er bakaður.**

Ylona Supér



Eldfjallaeyjan Ísland er um 90% basaltsteind, eða blágrýti eins og það nefnist á ástkæra ylhýra.



Kísill er eitt af algengustu steinefnum jarðarinnar og má vinna á margvíslegan máta. Hér hefur hann glerjað blágrýtishnullung.


baka ílát sem við höfum hannað úr leirnum og skoða hvernig þau bregðast við mismunandi hitastigi í leirbrennsluofninum. Þá viljum við vera viss um að leirgerðirnar séu nothæfar til þess að framleiða mismunandi leirvörur, í samstarfi við framleiðendur á Íslandi, úr leir sem er mestmegnis úr íslenskum hráefnum. Við erum að nota náttúruleg efni úr nærumhverfi sem er umbreytt með grænni orku. Þannig takmörkum við misbeitingu á auðlindum sem tengist inn í hönnunarhugmyndafræði okkar, en við viljum bera sem mesta virðingu fyrir vistkerfinu. Þetta snýst um jafnvægi í því að nota hráefni á nýstárlegan máta en taka ábyrgð á heilbrigði jarðarinnar á sama tíma.“ ■



Flísarnar eru úr nokkrum leirgerðum og glerjaðar með mismunandi steinefnum til að fá ólíkar áferðir og liti.



innriinnri blandar íslensku basalti saman við leir til að framleiða hráefni úr íslensku náttúru.



Í in V-verkefninu létu þau basaltvasa standa í Bláa lóninu í fyrir fram ákveðinn tíma.



Kísillinn úr lóninu haldi neðri hluta vasans og glerjaði hann.

KEEN sandalar fyrir sumarið



Venice ♀
Lokað hælband og tá

16.990 kr.



Stingum af ...



Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá
17.990 kr.



Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.



Elle Backstrap ♀
Úr endurrunnum efnum
14.990 kr.



Clearwater CNX ♀
Léttir, lokuð tá
16.990 kr.



Terradora II ♀
Léttir, stillanlegir við ökkla og tær
15.990 kr.



Newport ♂
Gott grip, lokuð tá
20.990 kr.



Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá
18.990 kr.



Targhee Open Toe Sandal ♂
Stillanlegur á 3 stöðum
16.990 kr.



Clearwater CNX ♂
Léttir, lokuð tá
16.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opið virka daga 10:30-18 og laugardaga 11-15



Júlíus Jóhannsson hefur tekið tvö hylki af Protis liðum tvisvar á dag í þrjú ár. Hann losnaði fljótt við verki í hné og hefur haldið áfram að taka hylkin til að halda sér við. Hann mælir hiklaust með því fyrir alla sem glíma við verki í liðamótum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Protis fæðubótarefnið fást í öllum helstu stórverslunum, heilsuvöruverslunum og apótekum.

Alveg laus við verkina

Júlíus Jóhannsson var þjáður af verkjum í hné sem trufluðu hann þegar hann stundaði hjólréiðar. En eftir að hann byrjaði að nota Protis liði varð hann alveg verkjalaus og hann hefur verið góður árum saman.

Júlíus Jóhannsson er fasteignasali og mikill áhugamaður um hjólréiðar. Hann hefur notað Protis liði í um þrjú ár og fyrir vikið er hann alveg laus við verki í hné sem áður plöguðu hann.

„Ég hef mjög gaman af því að hjóla og geri það bæði á fjallahjólum og racer-hjólum og það er þar sem Protis liðir koma mér að gagni,“

segir hann. „Áður fann ég fyrir verkjum í hnénu sem voru að angra mig og urðu til þess að ég fór ósjálfrátt að reyna að hlífa hnénu. En nú er ég miklu betri.“

Ég heyrði af Protis liðum í gegnum hana Hólmfríði Sveinsdóttur, sem er doktor í lífvísindum og næringarfræðingur og kom að þróun vörunnar til að byrja með,“ segir Júlíus. „Við þekkjumst vegna þess að við erum bæði úr Skagafirðinum, af Sauðárkróki, en þar er ég fæddur og uppalinn. Hún sagði mér að þetta virkaði og mælti með því að ég prófaði þetta.“

Síðastliðin þrjú ár hef ég svo tekið tvö hylki tvisvar á dag. Verkurinn lagaðist tiltölulega

hratt og svo hef ég bara haldið áfram að taka þetta til að halda mér við,“ segir Júlíus. „Þetta hefur reynst mér mjög vel og í dag er ég alveg laus við verki. Ég myndi því hiklaust mæla með þessu fyrir alla sem glíma við verki í liðamótum.“

Fæðubót úr fiskprótíni

Protis liðir eru unnir úr fiskprótíni sem er þróað og unnið hér á landi. Protis vörurnar samstanda af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín ásamt öðrum lífvirkum efnum, sem styðja við eða auka heilsuþættandi virkni þorskpeptíða.

Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni

“Í dag er ég alveg laus við verki. Ég myndi því hiklaust mæla með þessu fyrir alla sem glíma við verki í liðamótum.”

Júlíus Jóhannsson

íni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóska og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efni chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir

skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóska.

Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgaextractið ríkt af sinki, jöði og járni sem og bólguefnum og efnunum sem nefnast saponin.

Auk sæbjúga og IceProteins® inniheldur Protis liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðheilsu.

Protis fæðubótarefnið fást í öllum helstu stórverslunum, heilsuvöruverslunum og apótekum.

Öðruvísi sumarsalat með ferskjum

Létt og hollt sumarsalat þar sem nýjar ferskjur eru í aðalhlutverki. Salatið er einstaklega ljúffengt og hentar vel eitt og sér eða sem meðlæti.

elin@frettabladid.is

Þetta frábæra salat er meðal margra frábærra rétta á síðunni jessicagavin.com sem Jessica Gavin, bandarískur matvæla- og matreiðslufræðingur, heldur úti. Jessica gaf okkur leyfi til að birta uppskriftina en nú fást ferskjur í öllum verslunum.

Salatið er litríkt og með æðislegri dressingu sem einnig er gerð úr ferskjum en best er að hafa þær vel þroskaðar. Þess má geta að ferskjur eru mjög C-vítamínríkar.

» Salatið er með fullt af ávöxtum eins og jarðarberjum og bláberjum ásamt ferskjum.

Jessica notar poppy seeds eða valmúafrae í dressinguna, stundum kölluð birkifrae eins og notuð eru á rúnnstykki en þau gefa hnetukeim. Salatið er með fullt af ávöxtum eins og jarðarberjum og bláberjum ásamt ferskjum. Þá eru pekanhnetur og mjúkur geitaostur. Hentar einstaklega vel í góðu veðri. Jessica segir að það taki einungis fimmtán mínútur að gera salatið.



Nú er rétti tíminn til að borða ferskjur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Frábært sumarsalat, stútfullt af vítamínum.
MYND/JESSICA GAVIN

Sumarsalat dressing

1 bolli ferskjur, skornar í bita
2 tsk. sítrónusafi, plús rifinn
börkur af 1 sítrónu
2 msk. vatn
2 msk. ólífuolía
1 msk. hunang, agave eða
hlynsiróp
1 ½ tsk. valmúafrae

Salat

1 poki með blönduðu salati eftir smekk
1 ferskja, skorin í sneiðar
1 bolli jarðarber, skorin til helminga
½ bolli bláber
½ bolli pekanhnetur
2 msk. mjúkur geitaostur

Til að gera dressinguna:

Ferskjur, sítrónusafi, börkur og vatn eru sett í matvinnsluvél. Maukið í um það bil 30 sekúndur. Bætið ólífuolíunni þá við og látið vélina ganga áfram í 30 sekúndur.

Smakkið dressinguna til og bætið við sætuefni ef með þarf. Í lokin eru valmúafraein sett saman við og hrærið áfram í 10 sekúndur.

Setjið salatið á disk og dreifið ferskjum, jarðarberjum, bláberjum, hnetum og geitaosti yfir. Berið fram með ferskjudressingunni. ■

Nánar má skoða uppskriftir frá Jessicu á síðu hennar jessicagavin.com

Bílar & Farartæki



Audi A3 Sportback e-Tron Hibryd. 8/2017 Modelár 2018. Ekinn aðeins 40 þús.km. Sportsæti. Panorama glerþak. 17" álfelgur. Sjálfskiptur. LED ljós. Ofi. Lækkað verð aðeins 3.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

MARÁS

TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR



Léttir Fyrirferðalittir Hljóðlátir Kraftmiklir Spameytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@
accountant.is | www.accountant.is

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnn verð. S. 696 2748 og 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Gufunes, samgöngutengingar.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. júlí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 22. júlí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi. Um er að ræða ca. 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Einnig er Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag o.fl. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá 4. ágúst 2021 til og með 15. september 2021. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 15. september 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 4. ágúst 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST

Ráðningar

www.fastradningar.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Portúgalski knapinn Luciana Diniz fór þeysireið á hrossinu Vertigo Du Desert í einstaklingskeppni í stökki.



Pólska landsliðskonan Joanna Fiodorow keppir í úrslitum í sleggjukasti kvenna á Ólympiuleikvanginum í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dramatískir Ólympiuleikar

thorgrimur@frettabladid.is

ÓLYMPIULEIKARNIR Síðustu dagar Ólympiuleikanna hafa um margt verið dramatískir. Bandaríska fimleikakonan Simone Biles dró sig um skeið úr keppni til að hlúa að geð-

heilsu sinni en mætti aftur til leiks í gær og vann bronsverðlaun í keppni á jafnvæggisslá. Hvítrússneska frjálsíþróttakonan Krystina Tsimanouskaja er komin í öruggt skjól og með pólskt landvistarleyfi eftir að stjórnvöld heimalands hennar neyddu

hana næstum til að snúa heim. Enn geisar kórónaveirufaraldurinn allt um kring og Japanir hafa neyðst til að framlengja neyðarráðstafanir sínar. Ekkert af þessu hefur þó komið í veg fyrir glæsileg íþróttafrek og slegin heimsmet. ■



Alfreð Gíslason, þjálfari þýska landsliðsins, var þungur á brún eftir að þjóðverjar töpuðu í fjórðungsúrslitum gegn Egyptum á Yoyogi-þjóðarleikvanginum í gær.



Bandaríska fimleikakonan Simone Biles sneri aftur á Ólympiuleikana og keppti í úrslitum á jafnvæggisslá eftir að hafa dregið sig í hlé vegna andlegra erfiðleika.



Hollensku tvíburasysturnar Bregje og Noortje de Brouwer kepptu í listsundi í Ólympiusundhöllinni í Tókýó í gær.



Pólski blakleikmaðurinn Fabian Drzyzga harmar ósigur liðs síns gegn Frökkum í fjórðungsúrslitum á ellefta degi Ólympiuleikanna.

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.


Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook — ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



Ástkær bróðir, mágur og frændi okkar,
Óskar Helgi S. Margeirsson
áður til heimilis að Brávallagötu 26,
lést á heimili sínu að Mýrarási 2, þann
31. júlí í faðmi fjölskyldunnar.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðjón Margeirsson Margrét Jónsdóttir
Jóhanna Jónasdóttir og aðrir aðstandendur.



Faðir okkar,
Kristmundur Elí Jónsson
verslunarmaður,
áður til heimilis að Einimel 17
í Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu
Skjóli þann 31. júlí.
Útför verður auglýst síðar.

Dætur hins látna og fjölskyldur þeirra.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Óskar Jónsson
húsasmiðameistari,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu,
Sléttuvegi, laugardaginn 24. júlí.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn
5. ágúst klukkan 13.

Guðrún S. Óskarsdóttir
Sólveig Óskarsdóttir
Gunnar Óskarsson
Fanney Óskarsdóttir
Hilmar Baldursson
Dagný Brynjólfssdóttir
Guðjón Erling Friðriksson
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir
og amma,

Katrín Sigurðardóttir
Hagamel 50, Reykjavík,
lést þann 30. júlí.

Útförin verður auglýst síðar.

Blóm eru afþökkuð en þeim sem vilja minnast Katrínar
er bent á Barnaspítalasið Hringins.

Helgi Magnússon
Sigurður Gylfi Magnússon
Arna Borg Einarsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
Magnús Örn Helgason
Sunna María Helgadóttir
Arnar Þór Helgason
Pétur Bjarni Einarsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Jóhann Emil Björnsson
áður til heimilis að Þykkvabæ 15,
Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum 28. júlí.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju
mánudaginn 9. ágúst kl. 13.00.

Streymt verður frá athöfninni.
Virkan hlekk á streymi má nálgast á mbl.is/andlat.

Dórothea Jóhannsdóttir
Sigrún Jóhannsdóttir
Ragnar Jóhannsson
Hörður Helgason
Skúli Guðbjarnarson
Anna Friðriksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.



Rannveig er „kennarakennari“ eins og hún orðar atvinnu sína sem lektor við kennaradeild HA.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Mér finnst ákveðin hvíld í brekkunum að sumu leyti

Rannveig Oddsdóttir, lektor við HA, var fyrst kvenna í mark í 55 kílómetra vegalengd í utanvegahlaupinu Súlu vertical við Akureyri síðasta laugardag, á 7.07.46.

gun@frettabladid.is

„Þetta var náttúrlega langt og mikið á fótinn en fjölbreytt leið og drjúgir kaflar sem ekki var hægt að hlaupa mikið vegna klifurs og bratta,“ segir Rannveig Oddsdóttir, sigurvegari kvenna sem hlupu 55 kílómetra í utanvegahlaupinu Súlu vertical í Eyjafirði. Í því lá leiðin úr Kjarnaskógi við Akureyri, upp á Súlu, þeim fjallgarði fylgt inn á Glerárdal, hlaupið niður í hann, þaðan upp á Hlíðarfjall og að lokum niður í miðbæ Akureyrar, að sögn Rannveigar. Hækkunin var samanlagt 3.000 metrar, eins og einn og hálfur Hvannadalshnjúkur.

„Mér finnst ákveðin hvíld í brekkunum að sumu leyti, ef ég ber utanvegahlaup saman við maraþon, þar sem keyrt er á fullu og maður er að nota nákvæmlega sömu vöðva allan tímann.“



Fyrsta maraþonið var 2008, ég hef ekkert stoppað síðan og er ekki með plön um það í brád.

Í fjallahlaupi er ólíkt álag á líkamann eftir því hvort hlaupið er upp eða niður,“ útskýrir hún. Viðurkennir samt að það sé áraun fyrir stoðkerfið. „Ég finn núna fyrir þreytu í ökklum og upp í kálfa eftir að halda jafnvægi á ójöfnunum.“

Er loks að smita eiginmanninn

Fyrir tveimur árum tók Rannveig þátt í fjallahlaupi um Alpana. „Það var ekki ósvipað þessu, 56 kílómetra langt með 3.500 metra hækkun,“ segir hún og

kveðst hafa iðkað hlaup í rúmlega 20 ár. „Fyrsta maraþonið var 2008, ég hef ekkert stoppað síðan og er ekki með plön um það í brád. Lengi vel var ég mest í götuhlaupum en svo í utanvegahlaupum líka síðustu árin.“

Hún segir engan á heimilinu á kafi í þessu sporti nema hana, eldri börnin hafi þó aðeins tekið þátt og maðurinn hennar núna hlaupið 18 kílómetra. „Hann er loksins að byrja að fikta við þetta, það er búið að taka langan tíma að smita hann,“ segir hún glettin.

Stefnir á heimsmeistaramót

Ekki er Rannveig alveg búin að plana næstu vikur. „Það stóð til að ég færi á heimsmeistaramót í utanvegahlaupum í Taílandi í nóvember, leiðin liggur upp og niður fjöll samtals 80 kílómetra, ég bið eftir að fréttu hvort af því verður vegna Covid. Svo eru nokkur hlaup eftir hér heima, meðal annars Reykjavíkurmaraþon, en þar er óvissa líka.“

Í lokin áráði ég að spyrja þessa afrekskonu að aldri. „Heyrðu, ég verð 48 núna í desember, ef ég man rétt!“ ■



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Jódís Dagný Vilhjálmssdóttir
Bjarkargötu 4, 101 Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild
Landspítalans laugardaginn 31. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

Jón Pétursson
Vilhjálmur Jónsson
Benedikt Jónsson
Pétur Gauti Jónsson
Agnes Margrét Eiríksdóttir
Ummur Eva Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir,
mágur og frændi,
Aðalsteinn Smáráson

lést á krabbameinsdeild
Landspítalans v/Hringbraut 19. júlí.
Útförin hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hins látna.

Benedikt Emil Aðalsteinnsson
Tanya Ruth Aðalsteinsdóttir
Sigrún Þorbjörnsdóttir
Ásta Bára Smáradóttir
Magnús Helgason
Sigríður Reykjalín Hreggviðsdóttir
og frændsystkini.

HELLMANN'S

EST.1913



ALVÖRU
GÆÐI, EKTA
BRAGÐ

HÍÐ EINA SANNA MAJÓNES


✓ EGG FRÁ LAUSAGÖNGUHÆNUM
OG SJÁLFBÆRAR OLÍUR

✓ ENGIN AUKAEFNI EDA ROTVARNAREFNI

100% ENDURUNNIÐ GLER OG PLAST



Veðurspá Miðvikudagur



Hæg breytileg átt og víða skúrir. Hiti 8 til 17 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 greind
- 5 krap
- 6 ákefð
- 8 gleggri
- 10 þegar
- 11 svivirðing
- 12 barningur
- 13 mælieining
- 15 þykjast
- 17 glanni

LÓÐRÉTT

- 1 ríki í afríku
- 2 flink
- 3 biti
- 4 borg
- 7 kurteisi
- 9 ávöxtur
- 12 parta
- 14 dæld
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 skópr, 5 elg, 6 sas, 8 nánari, 10 er, 11 nið, 12 basl, 13 allin, 15 látast, 17 gassi.
LÓÐRÉTT: 1 sengeal, 2 klar, 3 ogn, 4 París, 7 síð-læti, 9 ananas, 12 bita, 14 lág, 16 ss.

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

Makarov átti leik gegn Kotenko í bréfskák árið 1988.

1...Dxf1+! 2. Kxf1 Bg5 3. Dxc5 Bh3+ 4. Kg1 He1# 0-1. Áskorendaflokkur Íslandsmótsins í skák (Skákbings Íslands) fer fram við glæsilegar aðstæður í skákhöll TR 7.-14. ágúst 2021. Tilvalið undirbúningsmót sem þá sem rétt vilja...

www.skak.is: Nýjustu skákréttir ■

Sudoku

7								3
		6			9	2		
1		8						9
	2	9		1		7	3	
3			7		6		9	
5	6			3		1		4
		1		5				7
	8		3	4				
6			2			8		

					3			
2				5	6			1
3			7					8 4
7	2			4				5
9			3	7				
			9				4	6
		3			8	5		
4			1			6		
		9			2			8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



STILLANLEG RÚM HEILSRÚM OG -DÝNUR GAFLAR SÆNGUR KODDAR SVEFNSÓFAR STÓLAR SÆNGURFÖT, O.F.L.

NÚ ER LOKAVIKA SUMARÚTSÖLU BETRA BAKS HAFIN



Betra BAK

SUMAR-ÚTSALA BETRA BAKS ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK

Yfirgnæfandi nærvera



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Tinna Björk Ómarsdóttir hefur þýtt hina frægu bók Gertrude Stein, Sjálfsævi-sögu Alice B. Toklas, sem Una útgáfuhús gefur út.

Um tildrög þess að hún þýddi bókina segir Tinna: „Árið 2012 var ég í námi í Bretlandi og bókin var þar á leslista. Hún sat í mér og er reyndar eina bókina sem ég man eftir að hafa lesið á þessu námskeiði. Síðan las ég bókina árlega. Þegar ég var í þýðingafraði í Háskóla Íslands þýddi ég fyrstu fjóra kaflana fyrir loka-ritgerðina mína. Það atvikaðist síðan þannig að forsvarsmenn Unu útgáfu, sem unnu með mér í Pennanum Eymundsson, fréttu af því að ég hefði byrjað að þýða bókina og vildu endilega gefa hana út. Þannig að ég lauk við þýðinguna.“

Töfrandi tímabil

Þetta er fyrsta bókina sem Tinna þýðir en hún hefur unnið að þýðingarverkefnum. Spurð hvað heilli hana helst við bókina segir Tinna: „Hún opnar dyr að einstöku og töfrandi tímabili í París um þarsíðustu aldamót. Ég vissi lítið um Gertrude Stein áður en ég las bókina, hafði eins og margir aðrir heyrð ljóðlínuna frægu rós er rós er rós er rós og tengsl hennar við týndu kynslóðina en heillaðist gjörsamlega af bókinni og henni sjálfri við lesturinn. Gertrude Stein opnar fyrir manni dyr að vinnustofu sinni í sjötta hverfi Parísar sem hýsti heimspekkta gesti og viðfræg málverk í gegnum árin, maður fær sér sæti og hún sest við hliðina á manni og segir manni alls konar sögur, þar á meðal um innra líf listamanna og rithöfunda.“

Bókin kom fyrst út árið 1933 og er skrifuð út frá sjónarhorni Alice, ástkonu Gertrude Stein. „Þegar maður byrjar að lesa bendir flest til þess að Alice sé þungamiðja sögunnar, svo heldur maður áfram að lesa og kemst að því að það er alls ekki þannig, það sem skilur meira eftir sig er yfirgnæfandi nærvera Gertrude Stein. Sögumaður er ekki alvitur og var ekki viðstaddur þegar margir atburðir sem lýst er áttu sér



Bókin er mjög aðgengileg og myndin, segir Tinna Björk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Gertrude Stein á heimili sínu í París. Frægt málverk eftir Picasso af henni er á veggnum.

stað. Alice er í raun aðeins málþípa eða verkfæri sem Gertrude Stein notar til að koma sinni eigin sögu á framfæri án þess að það bitni á trúverðugleika hennar. Þetta er mjög sérstakt og bókina er einnig einstök þegar kemur að frásagnarstílunum.“

Sá alltaf eitthvað nýtt

Bókin er skemmtileg og myndin. „Þegar ég var að vinna að þýðingunni var ég alltaf að koma auga á eitthvað nýtt í bókinni, og samt var ég búin að lesa hana ótal sinnum áður. Bókin er mjög aðgengileg og myndin. Gertrude Stein skrifaði hana meðvitað þannig því fyrri verk hennar höfðu vakið litla athygli hjá gagnrýnendum og lesendum. Hún skrifaði bókina á sex vikum með því markmiði að verða fræg og græða pening en einnig til að öðlast réttmætan sess í móðernísku og kúbísku listahreyfingunni,“ segir Tinna. ■



Gertrude Stein opnar fyrir manni dyr að vinnustofu sinni í sjötta hverfi Parísar sem hýsti heimspekkta gesti og viðfræg málverk.

Borgarbókasafnið verður hýrt

kolbrunb@frettabladid.is

Borgarbókasafnið verður að venju með í gleðinni á Hinsegin dögum.

Hýr Höfðingi – Bókabíllinn Höfðingi hýsir hinsegin bækur. 4.-6. ágúst, frá 13.00-18.00.

Bókabíllinn verður staðsettur í Tjarnargötunni og tekur á móti gestum og gangandi alla dagana.

SamSuða - Stefnumót listamanna

4. ágúst frá 17.30-18.30, Borgarbókasafnið Kringlunni.

Í tilefni Hinsegin daga mun rithöfundurinn Guðjón Ragnar Jónsson velja nokkur verk úr Artótekinu, skrifa hugleiðingar um hvert og eitt og opna sýningu með þeim.

SamSuða er yfirskrift sýningarraðar í Borgarbókasafninu Kringlunni. SamSuða er stefnumót skapandi einstaklinga þar sem skáld velja verk úr Artóteki Borgarbókasafns og skrifa um þau stuttan texta.

Kvöldganga

4. ágúst frá klukkan 20.00. Gengið frá Grófinni.

Guðjón Ragnar Jónsson mun einnig leiða gesti um miðbæ Reykjavíkur og rifjar upp áfanga úr baráttu fyrir réttindum og sýnileika hinsegin fólks. Gangan hefst fyrir utan Borgarbókasafnið í Grófinni.



Borgarbókasafnið tekur að sjálfsögðu þátt í Hinsegin dögum.



Bókabíllinn verður staðsettur í Tjarnargötunni.

DragStund Starinu

5. ágúst klukkan 14.00, Borgarbókasafnið Gerðubergi og 6. ágúst klukkan 14.00 í Bókabíllnum Höfðingi við Tjarnargötu.

Dragdrottningin Starína les og skemmtir börnunum á Hinsegin dögum.



Trío Bjarna Mäs spilar í kvöld.

Trío Bjarna í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í kvöld, miðvikudaginn 4. ágúst klukkan 20 í Flóa, Hörpu, kemur fram trío Bjarna Mäs Ingólfssonar. Gítaristinn og tónskáldið Bjarni Mær kemur fram ásamt tríói sínu til að flytja nýjar frumsamdar tónsmíðar.

Þríeykið hefur komið saman mjög reglulega frá árslokum 2019 til að vinna í nýju frumsömdu efni. Ásamt Bjarna koma fram bassaleikarinn Birgir Steinn Theódórsson og Magnús Trygvason Eliassen sem leikur á trommur. ■



Þríeykið hefur komið saman mjög reglulega frá árslokum 2019 til að vinna í nýju frumsömdu efni.

Miðvikudagur

Fréttavaktin fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum

FRÉTTA
VAKTIN

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttavaktin í opinni dagskrá. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga kl. 18.30 á Hringbraut og frettabladid.is

 HRINGBRAUT

Hringbraut

- 18.00 Besti maturinn (e)** Sígildur þáttur frá fyrri árum Hringbrautar.
- 18.30 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
- 19.00 Fjallaskálar Íslands (e)**
- 19.30 Sólheimar 90 ára (e)** Þáttur um 90 ára afmæli Sólheima í Grímsnesi. Umsjón: Linda Blöndal.
- 20.00 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi.
- 20.30 Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.50 Sviþjóð - Suður-Kórea ÓL 2020: Handbolti** Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum kvenna.
- 09.25 ÓL 2020: Frjálsípróttir** Bein útsending.
- 13.00 Frakkland - Holland ÓL 2020: Handbolti** Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum kvenna.
- 14.35 ÓL 2020: Hjólabretti kvenna** Bein útsending
- 15.25 Noregur - Ungverjaland ÓL 2020: Handbolti** Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum kvenna.
- 17.00 Mótorsport** Skagafjarðarrall og Torfæra á Akranesi.
- 17.30 Mömmusoð**
- 17.50 Táknálsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Múminálfarnir**
- 18.23 Hæ Samur**
- 18.30 Klingjur**
- 18.41 Eldhugar - Temple Grandin - dýra hvíslari**
- 18.45 Sögur af handverki**
- 18.54 Vikinglöttó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Sumarlandabrot**
- 19.45 Ólympiukvöld**
- 20.25 Leitinn að nýju nýra - Fyrri hluti** Jagten på en nyre
- 21.15 Neyðarvaktin Chicago Fire**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Morgan Freeman: Saga guðstrúar (3 af 3) The Story of God with Morgan Freeman** Leikarinn Morgan Freeman ferðast um allan heim og rannsakar hugmyndir trúaðra manna og svör trúarbragðanna við eilífðarspurningum mannkynsins um líf eftir dauðann og tilurð heimsins.
- 23.10 Ólympiukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins.
- 23.50 ÓL 2020: Frjálsípróttir** Bein útsending.
- 03.30 Ólympiukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins.
- 03.50 ÓL 2020: Blak Undanúrslit karla**
- 05.50 ÓL 2020: Dýfingar kvenna** Bein útsending.

Stöð 2 Golf

- 08:50 World Golf Championship** Útsending frá Dell Technologies Matchplay á World Golf Championship.
- 16:55 World Golf Championship** Útsending frá Dell Technologies Matchplay.
- 21:25 PGA Tour** Útsending frá Barracuda Championship.

Sjónvarp Símans

- 12:30 Dr. Phil**
- 13:15 The Late Late Show**
- 14:00 The Block**
- 15:05 90210**
- 15:50 American Housewife**
- 16:15 Black-ish**
- 16:50 The King of Queens**
- 17:10 Everybody Loves Raymond**
- 17:35 Dr. Phil**
- 18:20 The Late Late Show**
- 19:05 The Block**
- 20:10 Aldrei ein**
- 20:45 Young Rock**
- 21:10 Normal People**
- 21:40 Nurses**
- 22:30 Love Island**
- 23:20 The Royals**
- 00:05 The Late Late Show**
- 00:50 New Amsterdam**
- 01:35 Hver ertu?**
- 02:05 Venjulegt fólk**
- 02:35 Systrabönd**
- 03:20 Love Island**
- 04:10 Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér** Rán Tryggvadóttir lögfræðingur.
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Sumarmál: Fyrri hluti**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegjöld Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjöld**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Sumarmál: Seinni hluti**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Þá tekur tónlistin við**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Svona er þetta** Héðinn Unnsteinsson.
- 16.00 Siðdegisfréttir**
- 16.05 Tengivagninn**
- 17.00 Fréttir**
- 18.00 Kvöldfréttir**
- 18.10 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.30 Hlustaðu nú!** Í ljósi krakka-sögunnar.
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Sumartónleikar**
- 20.30 Segðu mér** Rán Tryggvadóttir lögfræðingur.
- 21.10 Íslendingasögur** Oddný Sen.
- 21.40 Kvöldsgagan: Dægradvöl** (3 af 31)
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Sumarmál: Fyrri hluti**
- 23.05 Sumarmál: Seinni hluti**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 12:10 Batman: Hush** Hörkuspenningur teiknuð mynd um Batman.
- 13:30 Love Exclusivly**
- 15:00 Austin Powers in Gold-member**
- 16:35 Batman: Hush**
- 17:55 Love Exclusivly**
- 19:25 Austin Powers in Gold-member**
- 21:00 Knives Out**
- 23:05 The Hangover Part 2**
- 00:45 Old Man and the Gun**
- 02:15 Knives Out**

Stöð 2

- 08:00 Heimsókn**
- 08:15 The Mentalist**
- 09:05 Bold and the Beautiful**
- 09:25 The Good Doctor**
- 10:05 Lífið utan leiksins**
- 10:50 All Rise**
- 11:30 MasterChef Junior**
- 12:10 Sporðaköst 6** Nýir veiðipættir sem eru sannkallað ferðalag þar sem góður félagsskapur og íslensk náttúra eru í fyrirrúmi.
- 12:35 Nágrannar**
- 12:55 Hvar er best að búa ?**
- 13:30 Bomban**
- 14:20 Gulli byggir**
- 14:45 Besti vinur mannsins** Önnur þáttaröð þessara frábæra þátta þar sem við höldum áfram að kynnast þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og eiginleikum.
- 15:05 The Goldbergs**
- 15:30 Á uppleið**
- 15:55 Who Do You Think You Are?** Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að rekja ættir sínar langt aftur og komast að ýmsu áhuga-verðu um forfeður sína.
- 16:55 Last Week Tonight with John Oliver**
- 17:35 Bold and the Beautiful**
- 18:00 Nágrannar**
- 18:26 Veður**
- 18:30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18:45 Sportpakkinn**
- 18:55 Skreytum hús**
- 19:05 Vikingalöttó**
- 19:10 First Dates**
- 19:55 10 Years Younger in 10 Days**
- 20:50 The Good Doctor**
- 21:35 Pennyworth**
- 22:30 Sex and the City**
- 23:00 Hell's Kitchen**
- 23:45 NCIS: New Orleans**
- 00:25 Tin Star: Liverpool** Þriðja og jafnframt síðasta þáttaröðin um fyrrverandi rannsóknarlögreglumanninn Jim Worth og fjölskyldu hans.
- 01:15 The Mentalist**
- 01:55 The Good Doctor**
- 02:35 All Rise**
- 03:20 Who Do You Think You Are?**

Stöð 2 Sport

- 08:15 Pepsi Max Stúkan**
- 08:50 Annáll: Sportið í ár - Innlent 2020**
- 10:10 KA - Valur** Útsending frá leik í Lengjubíkar karla.
- 11:50 Stjarnan - ÍA**
- 13:25 Breiðablik - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
- 15:05 Stjarnan - Selfoss**
- 16:45 Breiðablik - Víkingur R.** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
- 18:30 Pepsi Max Upphitun**
- 19:05 Valur - KR** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
- 21:15 Pepsi Max Stúkan**
- 21:55 Breiðablik - Víkingur R.**
- 23:35 Valur - KR**

Stöð 2 Sport 2

- 09:00 Bournemouth - Brentford**
- 10:40 Seattle Seahawks - San Francisco 49ers**
- 13:05 Arizona Cardinals - Miami Dolphins**
- 15:25 Tottenham - Ludogorets**
- 17:05 Liverpool - AC Milan**
- 20:00 AZ Alkmaar - Real Sociedad**
- 21:40 Marseille - Manchester City**
- 23:15 Krasnodar - Chelsea**

HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA



WRIGLEY'S
Extra[®]

FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætufrnis í tyggigummii

Uppáhalds húðvörur stjarnanna

Nú er líðið á sumarið og um að gera að næra og undirbúa húðina fyrir haustvinda. Hér eru nokkrar húðvörur sem eru í uppáhaldi hjá stjórnunum.

steingerdur@frettabladid.is

Ákveðin bylting hefur orðið síðustu ár þegar kemur að húðvörum. Áhuginn á að halda húðinni við með rétt-

um og góðum vörum hefur aukist til muna hjá mörgum.

Stjörnurnar í Hollywood eru stanslaust í sviðsljósinu og þurfa að huga vel að heilbrigði húðarinnar. Þær hafa vissulega mun betra aðgengi að dýrum vörum en meðalmanneskjan en hér eru taldar upp nokkrar vörur sem auðvelt er að nálgast og eru í uppáhaldi hjá frægum konum. ■



Hailey Bieber heldur mikið upp á Soothing Balm frá Eucerin. Salvinn er í uppáhaldi hjá stjórnunum á borð við Nicole Kidman, Chrissy Teigen og Zendaya. Fullkominn á þurra bletti, á varirnar og í augabrúnirnar, að sögn Hailey,




Gwyneth Paltrow er alltaf jafn unglef en hún hefur nokkrum sinnum talað um hve mikið hún heldur upp á micellar-vatnið frá Bioderma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þótt kremið frá La Mer sé aðgengilegt þá er það vissulega í dýrari kantinum. Rakakremið er í uppáhaldi hjá Jennifer Lopez, sem er þekkt fyrir að vera með fallega húð. Það er spurning hvort kremið sé þá skilingsins virði.



Leikkonan Lucy Hale sagði í viðtali að það besta sem maður gæti gert fyrir húðina væri að fara að sofa með hreint á rúminu og með Mario Badescu Drying Lotion á andlitinu. Það er sérstaklega notað á bólur.



Fyrirsætan Ashley Graham er hrifin af Skin food frá Weleda, sérstaklega þegar fer að kólna. Hún segist nota það á hendur, fætur og allt þar á milli.



 hetanker

SÆTI ;)

**HET-ANKER
NÝ SENDING**



VORUM AÐ FÁ Í HÚS NÝJA SENDINGU FRÁ HET-ANKER, BEINT FRÁ HOLLANDI.
FULL BÚÐ AF SÓFUM OG STÓLUM SEM GERA HEIMILIÐ ÞITT EINSTAKLEGA SÆTT.

KOMDU OG FÁÐU ÞÉR SÆTI ;)


FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



Oddný segir Lolu hafa orðið til nokkuð hratt en nafnið fékk hún úr kvikmyndinni Kinky Boots.

MYND/LOVISA SIGURJÓNSDÓTTIR

Dragsenán á Íslandi eins og ein stór fjölskylda



Steingerður
Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

Dragdrottningin Lola von Heart stjórnar dragsýningu sem fram fer í kvöld. Oddný Svava er manneskjan að baki Lolu. Hún hefur fengið einvalalið til að stíga á svið með sér í kvöld.

Grafíski hönnuðurinn Oddný Svava Steinarsdóttir hefur slegið í gegn síðustu árin sem dragdrottningin Lola Von Heart. Hún stjórnar dragsýningu sem fram fer á bókakaffihúsi Máls og menningar á Laugavegi í kvöld.

Oddný fór á sína fyrstu dragsýningu á Gauknum 2017.

„Þá sá ég Drag-Súg í fyrsta skipti. Þetta var eins og að stíga inn í hinsegin himnaríki. Ég sá Dragdrottningar og -kóna, allir voru velkomnir. Þetta var svo sannarlega kvöld sem ég mun alltaf muna eftir,“ segir Oddný.

Hún bauð í kjölfarið fram krafta sína við að aðstoða baksviðs á dragsýningu á Pride sama ár.

„Það var þá sem augun mín opnuðust. Eftir það ákvað ég að slá til og prufa, sjá hvað myndi gerast. Það var klikkað stress fyrir mig að gera þetta og undirbúa, en þegar ég steig á sviðið í fyrsta skipti fann ég fyrir svo mikilli ánægju. Ég vildi halda áfram, gera meira og fara lengra,“ segir hún.

Skemmtileg tenging

Hvaðan kemur nafnið Lola Von Heart?

„Þegar ég ákvað loksins að kýla á þetta allt þá kom nafnið. Mér fannst fyrst erfitt að finna eitt-hvað sem passaði, því ég vissi ekki hvernig þetta virkaði allt saman. En allt í einu mundi ég eftir mynd sem ég hafði séð sem barn á RÚV sem heitir Kinky Boots og þar er dragdrottning sem heitir Lola, mér fannst þetta skemmtileg tenging við sjálfa mig. Ég hef síðan í framhaldi tekið lagið Land of Lola, sem er úr söngleiknum, sungið af Billy Porter sem er í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Oddný segir að hún upplifi að



Mér finnst mikilvægt að hafa fjölbreyttan hóp, þessi sýning hefur kóna og drottningar og það sem fellur á milli líka.



Oddný skrifaði bók um dragsenuna á Íslandi sem lokaverkefni frá Listaháskóla Íslands.

MYND/ODDNÝ SVAVA

best sé að koma til dyranna eins og maður er klæddur þegar kemur að því að skapa sinn karakter í draginu.

„Það er gott að hugsa um hvaða skilaboð það eru sem þú vilt koma til skila og hvernig þú vilt gera það. Það eru margir þættir sem spila inn í drag: gera búninga, hár, förðun, tónlistarsamsetning og sviðsframkoma. Sumir syngja og aðrir dansa. Margir gera bæði. „You name it, we do it.“ Þetta er mikil vinna, en við gerum það því þetta er svo gaman. En þú þarft ekki að vera ótrúlega góður í öllu til þess að vera í dragi, við tökum hverju öðru eins og við erum.“

Hvert er mikilvægi dragsins fyrir þér sem tjáningarform?

„Ég hef oft notað Lolu til þess að tala um hluti sem ég sjálf er að kljást við. Þunglyndi, vinslit, pólitik. Alls konar. Ég leik mér að viðfangsefninu í frásögninni. En svo finnst mér líka mjög gaman að gera grín eða dansa við klikkað Lady Gaga-mix, þetta er

Eftirfarandi draglistafólk kemur fram á sýningunni í kvöld:

Jenny Purr
Yan-Nuss Starr
HANS
Twinkle Starr
Faye Knús
King Rafael The First
Mr.Mrs.Rammstücklein

alls konar og ég bind mig ekki við að gera bara einn hlut.“

Fjölbreyttur hópur

Lokaverkefni Oddnýjar frá Listaháskólanum var unnið út frá íslensku dragsenunni.

„Þegar samkomubannið byrjaði var ég að vinna lokaverkefnið mitt. Ég gerði veglega bók um dragsenu Íslands og þar eru frásagnir kvenna

í dragi. Bókin er mér mjög dýrmæt og ég vonast til að geta gefið hana út bráðum.“

Hún segir einstaklega fallega og þetta dragsenu hafa myndast hér á landi síðustu árin.

„Við erum líkt og ein stór fjölskylda, við tökum hvert öðru eins og við erum. Það hafa allir frelsi til að vera eins og þeir eru.“

Hverju eiga gestir von á í kvöld?
„Það munu allir hafa alveg ótrúlega gaman. Það eru allir soltnir í sviðið og mjög spennir að koma fram. Ég sjálf hlakka mest til að horfa á alla hina,“ segir hún glöð.

Oddný hefur fengið til liðs við sig frábæran hóp af draglistafólki sem kemur fram á sýningunni í kvöld.

„Mér finnst mikilvægt að hafa fjölbreyttan hóp, þessi sýning hefur kóna og drottningar og það sem fellur á milli líka. Við erum alls konar og ég held að áhorfendur muni skemmta sér konunglega.“ ■



pepsi

MAX

DEILDIN


AÐEINS 3.990 KR./MÁN.



Í BEINNI FRÁ HLÍÐARENDA

Í KVÖLD 18:30

STAKUR VIÐBURÐUR 990,-



SPORT

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

Bakþankar

Láru G.
Sigurðardóttur

Sleppur þetta ekki?

„En sleppur þetta ekki?“ sagði þjónninn eftir að hafa spurt okkur hvernig smakkadist og ég sýndi honum brenndan grænmetisborgarann. Þetta var fyrir nokkrum árum.

Nýverið héldum við hjónin á rómaðan nýjan veitingastað hér í höfuðborginni. Tilefnið var reglulegt stefnumót. Tilhlökkunin magnaðist eftir að hafa skodað matseðilinn á netinu. Við mættum á slaginu ásamt fleirum sem höfðu stillt sér þrúðbúnir í röð. Eftir dágóða stund var röðin teymd inn í þéttsetinn sal. Hálf kvöldið fór í handadans til að ná athygli þjónsins. Ég var næstum búin með minn drykk áður en maki minn fékk sinn og eftir óralanga bið birtist maturinn. Áður en ég náði að klára réttinn, sem líktist lítið myndinni á vefsíðunni, var diskurinn hrifsður án þess að nokkur spyrdi „hvernig smakkast?“. Við álpudumst heim lúpuleg með upplifun sem var verri en í mötuneyti. Líklega verri en gestir upplifðu á veitingastaðnum „Two Panda Deli“ í Pasadena, Kaliforníu, árið 1983 þegar vélmennin Tanbo R-1 og Tanbo R-2 þjónuðu til borðs.

Fyrir um þrjátíu árum starfaði ég sem þjónn á Café Óperu. Þar var lögd áhersla á að gestir hefðu ávallt drykk í glösum, greiðan aðgang að þjóni og biðu sem skemmst eftir matnum. Og við spurðum gesti áður en langt um leið „hvernig smakkast?“. Orðið þjónn stóð þá undir nafni, en orðið „waiter“ er upprunnið frá því að þjónn var í biðstöðu til að þjóna gestum sínum.

Mér þykir miður þegar veitingastaðir setja mest þúður í brass og ljósakrónur, en láta matarupplifun mæta afgangi. Vissulega eru staðir sem standast væntingar, en þeir eru á undanhaldi. Maður verður kannski að sætta sig við að gamli tíminn sé horfinn og „sleppur þetta ekki?“-upplifunin sé tekin við. ■

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is



Fylgstu með!



Straumurinn er í Öskju!



Einföld og örugg hleðsla frá Innogy

Með heimahleðslustöð frá Innogy getur þú hlaðið bílinn með einföldum og öruggum hætti. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kynntu þér málið á askja.is/hledslulausnir

Innogy eBox Smart 22kW – Verð 189.000 kr.

Virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af hleðslustöð og uppsetningu.

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is

